

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 147/2013

2015/EES/74/08

frá 13. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 um hagskýrslur um orkumál, að því er varðar framkvæmd uppfærslna mánaðarlegra og árlegra hagskýrslna um orkumál (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

tækni framfara og mikilvægis þess að byggja markmið Sambandsins á gögnum um orkumál. Krafist er reglulegra uppfærslna til samræmis við það til að samræma umfang hagskýrslna við vaxandi eða breytilegar þarfir.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr. og 8. gr.,

- 4) Með reglugerð (EB) nr. 1099/2008 er framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að aðlaga viðauka sem eru tengdir hagskýrslum. Fyrsta slíka aðlögunin fór fram 2010 en síðan þá hafa nýjar endurbætur og aðlaganir á bæði mánaðarlegum og árlegum hagskýrslum átt sér stað og því þarf að fjalla um þær.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála ⁽³⁾ er farið fram á að aðildarríki tilgreini meginleg gögn um orkumál. Þörf er á nákvæmum og uppfærðum orkugögnum til að fylgjast með framvindu þeirra markmiða sem sett eru fram í þessum tilskipunum og safna ætti á samræmdan og vandaðan hátt. Slík kvöð um skýrslugjöf er nauðsynleg, m.a. til að ná markmiðum um orkunýtni og ætti hún því að vera stöðugur þáttur í þróun lagaramma Evrópusambandsins á þessu sviði, hlutar af þessum gögnum hafa nú þegar verið sendir til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Hagstofu Evrópusambandsins) sem kom þeim á sem árlegum hagskýrslum um orkumál.

- 5) Framkvæmdastjórnin hefur þróað tilskildar uppfærslur og rætt við aðildarríkin um hagkvæmni, framleiðslukostnað, þagnarskyldu og skýrslugjafarbyrði.

- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1099/2008 til samræmis við það.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukanna við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2010 ⁽⁴⁾ er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 50, 22.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 142/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 258, 30.9.2010, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

ÚTSKÝRINGAR Á HUGTAKANOTKUN

Viðauki þessi veitir útskýringar eða skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í hinum viðaukunum.

1. LANDFRÆÐILEGAR ATHUGASEMDIR

Eftirfarandi landfræðilegar skilgreiningar gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar:

- Ástralía undanskilur svæðin handan hafsins,
- Danmörk undanskilur Færeyjar og Grænland,
- Mónakó telst til Frakklands en ekki frönsku svæðin handan hafsins: Gvadelúpeyjar, Martiník, Franska Gvæjana, Réunion, Sankti Pierre og Miquelon, Nýja-Kaledónía, Franska Pólýnesía, Wallis- og Fútúnaeyjar, Mayotte,
- San Marínó og Vatíkanið teljast til Ítalíu,
- Okinawa telst til Japans,
- Súrínam og Hollensku Antillur teljast ekki til Hollands,
- Asoreyjar og Madeira teljast til Portúgals,
- Kanaríeyjar, Balear-eyjar, Ceuta og Melilla teljast til Spánar,
- Liechtenstein telst ekki til Sviss,
- til Bandaríkjanna teljast ríkin 50, Kólumbíuhérað (e. *District of Columbia*), Bandarísku Jómfrúaeypjar, Púertó Ríkó og Gvam.

2. SAMTÖLUR

Framleiðendur eru flokkaðir samkvæmt tilgangi framleiðslunnar:

- Framleiðendur í aðalstarfsemi: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningssegu, sem hafa fyrir aðalstarfsemi að framleiða raforku og/eða varma til að selja þriðja aðila.
- Framleiðendur til eigin nota: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningssegu, sem framleiða raforku og/eða varma eingöngu eða að hluta til eigin nota til að styðja við aðalstarfsemi sína.

Athugasemd: framkvæmdastjórnin getur skýrt hugtakanotkun frekar, eftir að endurskoðun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) hefur öðlast gildi, með því að bæta viðeigandi tilvísunum við í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

2.1. Birgða- og umbreytingargeirar

Framleiðsla/innlend framleiðsla

Unnið eða framleitt eldsneytismagn, reiknað út að loknum aðgerðum til að fjarlægja skaðlaus óhreinindi. Með framleiðslunni telst það magn sem framleiðandinn notar í framleiðsluferlinu (t.d. til hitunar eða starfrækslu á búnaði og aukabúnaði), einnig það sem afhent er öðrum orkuframleiðendum til umbreytingar eða annarra nota.

„Innlend“: framleiðsla úr auðlindum innan hlutaðeigandi ríkis.

Innflutningur/útflutningur

Hvað varðar landfræðilegar skilgreiningar, sjá liðinn „Landfræðilegar athugasemdir“.

„Innflutningur“ vísar, nema annað sé tilgreint, til upprunalands (landsins þar sem orkuvaran var framleidd) til notkunar í landinu og „útflutningur“ til þess lands þar sem framleidd orkuvara er að síðustu notuð.

Lítið skal á magn sem innflutt eða útflutt þegar það hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur farið fram eða ekki.

Heimilt er að nota „annað“ sé hvorki hægt að tilgreina uppruna né ákvörðunarstað.

Tölfræðilegur mismunur getur komið upp ef aðeins upplýsingar um heildarinnflutning og -útflutning liggja fyrir á fyrrnefndum grundvelli en landfræðilega sundurliðunin byggir á annarri könnun, heimild eða hugmynd. Í þessu tilviki skal mismunurinn falla undir „annað“.

Alþjóðlegir skipageymar

Magn eldsneytis sem afhent er skipum í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla. Alþjóðlegar siglingar geta farið fram á sjó, á vötnum og vatnaleiðum og í strandsjó. Undanskilin er:

- eldsneytisnotkun skipa í innanlandssiglingum. Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki á því hvaða fána skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er
- notkun af hálfu fiskiskipa,
- notkun af hálfu herafla.

Breytingar á birgðum

Mismunurinn á birgðum í upphafi og birgðum í lok tímabils að því er varðar birgðir á innlendu yfirráðasvæði.

Verg notkun (útreiknuð)

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum aðilum + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipsgeymar + breytingar á birgðum

Verg notkun (mæld)

Magnið sem er skráð í raun í könnunum frá geirum endanlegra notenda.

Tölfræðilegur mismunur

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

Útreiknuð verg notkun – mæld verg notkun.

Tekur til breytinga á birgðum hjá endanlegum notendum þegar ekki er hægt að skilgreina þær sem hluta af „breytingum á birgðum“.

Taka ætti fram ástæður fyrir öllum meiri háttar mismun.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

Magn eldsneytis sem er notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP).

Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis notað við raforku- og varmaframleiðslu.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

Magn eldsneytis notað við varmaframleiðslu.

Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

Magn eldsneytis notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir „Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu“.

Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis sem samsvarar þeirri raforku sem framleidd er og þeim varma sem seldur er.

Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

Eldsneyti sem samsvarar þeim varma sem seldur er.

Eldsneytisköggglaverksmiðjur

Magn notað við eldsneytisframleiðslu.

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Koksofnar

Magn notað í koksofnum.

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Brúnkolaköggla- og móköggglaverksmiðjur

Magn surtarbrands, notað við framleiðslu á brúnkolakögglum (BKB) eða mó til að framleiða móköggla (PB).

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Gasveitur

Magn notað til að framleiða gas í gasveitum og kolagösunarstöðvum.

Magn notað sem eldsneyti til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja með hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Háofn

Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum.

Magn notað til eldsneytis fyrir hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagas) ætti ekki að telja með hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Þétting kola í vökva

Eldsneytismagn notað við framleiðslu á tilbúinni olíu.

Hreinsunarstöðvar jarðolíu

Magn notað við framleiðslu á jarðolíuafurðum.

Magn notað sem eldsneyti til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja með hér heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.

Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

Magn notað til umbreytingaraðgerða, ótalið annars staðar. Ef þessi reitur er notaður skal útskýra í skýrslunni þau atriði sem eru færð undir þennan lið.

2.2. Orkugeiri og endanleg notkun

Samtala orkugeira

Magn sem orkuiðnaðurinn notar til að standa undir vinnslu (námugreftri, olíu- og gasframleiðslu) eða umbreytingaraðgerðum. Þetta samsvarar atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildum 05, 06, 08.92, 07.21, 09.1, 19 og 35.

Magn eldsneytis, sem umbreytt er í annað orkuform (ætti að tilkynna undir umbreytingargeiranum) eða notað í rekstur á olíu-, gas- og kolagrugglausnarleiðslum (tilkynnt undir flutningageiranum) er undanskilið.

Tekur til framleiðslu kemískra efna til kjarnaklofnunar og kjarnasamruna og afurða þessara ferla.

Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver

Magn sem notað er sem orka í raforkuverum, orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuverum.

Kolanámur

Magn sem notað er sem orka til að standa undir námi og forvinnslu á kolum í kolanámuíðnaðinum.

Kol sem brennd eru í námuorkuverum ætti að tilkynna um undir umbreytingargeiranum.

Eldsneytisköggla-verksmiðjur

Magn sem notað er sem orka í eldsneytisköggla-verksmiðjum.

Koksofnar

Magn sem notað er sem orka í koksvinnslustöð.

Brúnkolaköggla- og móköggla-verksmiðjur

Magn notað sem orka í brúnkolaköggla- og móköggla-verksmiðjum.

Gasver/gösunarver

Magn sem notað er sem orka í gasverum og kolagösunarstöðvum.

Háofnar

Magn sem notað er sem orka í háofnum.

Þétting kola í vökva

Magn sem notað er sem orka í verum er þétta kol í vökva.

Hreinsunarstöðvar jarðolíu

Magn sem notað er sem orka í hreinsunarstöðvum jarðolíu.

Olíu- og jarðgasvinnsla

Magn sem notað er til eldsneytis í olíu- og gasvinnslu og í jarðgasvinnslustöðvum.

Undanskilið er flutningstap í leiðslum (tilkynnt undir tapi af dreifingu) og magn orku sem notað er til að starfrækja leiðslur (tilkynnt undir flutningageiranum).

Samtala endanlegrar notkunar

Skilgreind (reiknuð út) sem:

= Samtala notkunar til annars en orkugjafar + endanleg orkunotkun (iðnaður + flutningur + aðrir geirar) Undanskilin er afhending til umbreytingar, notkun orkuframleiðsluiðnaðarins og tap af dreifingu.

Notkun sem er ekki til orkugjafar

Orkuvörur sem eru notaðar til hráefnis í mismunandi geirum, þ.e. hvorki notaðar til eldsneytis né umbreytt í annað eldsneyti.

2.3. Skilgreining á endanlegri notkun orku

Endanleg orkunotkun

Heildarorkunotkun í iðnaði, flutningum og öðrum geirum.

Iðnaðargeiri

Hér er átt við eldsneytið sem iðnaðarfyrirtæki notar til að standa undir aðalstarfsemi sinni.

Með hreinum varmaverum eða orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu er aðeins átt við magn eldsneytis sem notað er til framleiðslu á varma sem orkuverið sjálft notar. Tilkynna ber magn eldsneytis, sem notað er til framleiðslu á seldum varma og til raforkuframleiðslu, undir viðeigandi umbreytingargeira.

Járn og stál Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 24.1, 24.2, 24.3, 24.51 og 24.52.

Kemískt (þ.m.t. unnið úr jarðolíu eða jarðgasi)

Kemískur iðnaður eða iðnaður sem vinnur úr jarðolíu eða jarðgasi; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 20 og 21.

Járnlausir málmar

Járnlaus málmíðnaður; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 24.4, 24.53 og 24.54.

Málmlaus steinefni

Gler-, keramik-, sements- og annar byggingarefnisíðnaður; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 23.

Flutningatæki

Iðnaður sem tengist tækjum sem notuð eru til flutninga; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 29 og 30.

Vélbúnaður

Fullunnin málmvara, annar vélbúnaður og önnur tæki en flutningatæki; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 25, 26, 27 og 28.

Námuvinnsla og grjótnám

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 07 (nema 07.21), 08 (nema 08.92) og 09.9; hin síðastnefnda undanskilur orkuframleiðsluðnað.

Matvæli, drykkjarvörur og tóbak Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 10, 11 og 12.

Pappírskvoða, pappír og prentun

Tekur til framleiðslu á uppteknu efni, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 17 og 18.

Viður og viðarvörur (aðrar en pappírskvoða og pappír): Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 16

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð: Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 41, 42 og 43.

Textil- og leðuriðnaður, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 13, 14 og 15.

Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

Notkun í geirum sem ekki er fjallað um að ofan.

Flutningageiri

Orkunotkun í allri flutningastarfsemi án tillits til atvinnuvegarins þar sem starfsemi á sér stað; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49, 50 og 51.

Flutningageiri — járnbrautir

Öll notkun í umferð járnbrauta, þ.m.t. iðnaðarjárnbrauta, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49.1 og 49.2.

Flutningageiri — innanlandssiglingar

Magn sem afhent er til skipa sem ekki eru í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla (sjá „Alþjóðlegir skipsgæymar“). Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki fánans sem skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 50

Flutningageiri — vegir

Magn notað í ökutækjum.

Tekur til eldsneytis sem landbúnaðarökutæki á þjóðvegum nota og smurólía til notkunar á ökutæki.

Undanskilin er orka sem notuð er á kyrrstæðar vélar (sjá annan geira), á dráttarvélar utan þjóðvega (sjá landbúnað), ökutæki til notkunar í hernaði (sjá aðra geira – ekki skilgreind annars staðar), jarðbik notað í yfirborð vegna og orka sem notuð er á vélar á byggingarsvæðum (sjá iðnað, undirgrein „byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“). Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49.3 og 49.4.

Flutningageiri — flutningar með leiðslum

Magn notað sem orka til að styðja og starfrækja leiðslur sem flytja gas, vökva, grugglausnir og aðra hrávöru, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 49.5.

Tekur til orku sem notuð er í dælustöðvum og til viðhalds á leiðslunni.

Undanskilin er orka sem notuð er til dreifingar á jarðgasi eða verksmiðjugasi, heitu vatni eða gufu með leiðslum frá dreifingaraðilanum til endanlegra notenda (talið fram í orkugeiranum), orka sem notuð er til lokadreifingar á vatni til heimila, iðnaðar, verslunar og annarra notenda (talið fram í verslun og opinberri þjónustu) og tap sem hlýst við flutning þennan frá dreifingaraðilum til endanlegra notenda (talið fram sem tap í dreifingu).

Flutningageiri — millilandaflug

Magn flugvélaeldsneytis sem afhent er til loftfara í millilandaflugi. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og landingarstað á því hvort um er að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans. Hluti af atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 51. deild.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum – ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira – ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — innanlandssiglingar

Magn flugvélaeldsneytis sem afhent er til loftfara í innanlandsflugi – verslunar-, einka-, landbúnaðarflugi o.s.frv., hluti af atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 51. deild.

Tekur til eldsneytis sem notað er í öðrum tilgangi en til flugs, t.d. vélaprófana í prófunarbekk. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og landingarstað á því hvort um sé að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum – ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira – ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — ekki skilgreindur annars staðar

Magn notað til flutningastarfsemi, ótalið annars staðar.

Tekur til eldsneytis sem notað er af flugrekendum á ökutæki þeirra og eldsneytis sem notað er í höfnum á affermingartæki skipa, ýmsar gerðir af krönum.

Atriði sem telja skal fram koma fram undir þessum lið.

Aðrir geirar

Geirar sem ekki er sérstaklega minnst á eða tilheyra ekki orku, iðnaði eða flutningum.

Aðrir geirar — verslun og opinber þjónusta

Eldsneyti sem fyrirtæki og skrifstofur í opinbera geiranum og einkageiranum nota.

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 33, 36, 37, 38, 39, 45, 46, 47, 52, 53, 55, 56, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 77, 78, 79, 80, 81, 82, 84, 85, 86, 87, 88, 90, 91, 92, 93, 94, 95, 96 og 99.

Aðrir geirar — íbúðarhúsnæði

Telja skal fram eldsneyti sem er notað af öllum tegundum heimila, þ.m.t. „heimilum með launuðum starfsmönnum“. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 97 og 98.

Aðrir geirar — landbúnaður/skógrækt

Eldsneyti sem er notað í landbúnaði, veiðum og skógrækt, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 01 og 02.

Aðrir geirar — fiskveiðar

Eldsneyti afhent til fiskveiða í vötnum, strand- og djúpsjárveiða. Fiskveiðar ættu að ná yfir eldsneyti sem afhent er skipum sem hafa tekið eldsneyti í landinu, án tillits til undir hvaða fána þau sigla (þ.m.t. fiskveiðar á alþjóðlegu hafsvæði) og orku sem notuð er í fiskiðnaðinum. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 03

Aðrir geirar — ekki skilgreindir annars staðar

Starfsemi sem er ótalin annars staðar. Flokkur þessi tekur til eldsneytisnotkunar til allrar hreyfanlegrar og kyrrstæðrar notkunar í hernaðarskygni (t.d. í skipum, flugvélum, á vegum og orkunotkun í íbúðarhúsnæði), án tillits til hvort eldsneytið sem afhent er fer til hers landsins eða hers annars lands. Ef þessi reitur er notaður skal útskýra í skýrslunni þau atriði sem eru færð undir þennan lið.

3. ÖNNUR HUGTÖK

Merking eftirfarandi skammstafana er sem hér segir:

- TML: tetrametýlbly,
- TEL: tetraetýlbly,
- SBP: hreinsað bensín,

- LPG: fljótandi jarðolíugas,
 - NGL: jarðgasvökvi,
 - LNG: fljótandi jarðgas,
 - CNG: þjappað jarðgas.
-

VIÐAUKI B

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Í þessum viðauka er lýsing á umfangi, einingum, skýrslugjafartímabili, tíðni, fresti og fyrirkomulagi sendinga varðandi árlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐEFNAELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI OG VERKSMÍÐJUGAS

1.1. Viðeigandi orkuvörur

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Harðkol	Hágæðakol sem notuð eru í iðnaði og íbúðarhúsnæði. Yfirleitt hafa þau minna en 10% af rokgjörnu efni og hátt kolefnisinnihald (um 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni.
2. Kokskol	Linkol af þeim gæðum sem henta til framleiðslu á koxi sem nota má til að styðja við hleðslu háofna. Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni.
3. Önnur linkol (Gufukol)	Kol notuð til framleiðslu á gufu og tekur þetta til allra linkola sem ekki eru talin til kokskola eða harðkola. Þau einkennast af hærri magni rokgjarns efnis en harðkol (meira en 10%) og lægra kolefnisinnihaldi (minna en 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni. Ef linkol eru notuð í koksofna ætti að telja þau fram sem kokskol.
4. Gljábrúnkol	Á við um ómótuð kol með vergu varmagildi á milli 20 000 kJ/kg og 24 000 kJ/kg sem innihalda meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr, steinefnalaust efni.
5. Brúnkol	Ómótuð kol með vergu varmagildi minna en 20 000 kJ/kg og meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr, steinefnalaus efni.
6. Eldsneytiskögglar	Samsett eldsneyti gert úr harðkoloðgnum með því að bæta bindiefni við þær. Magn eldsneytisköggla sem framleitt er getur því orðið aðeins meira en það magn kola sem notað er í umbreytingarferlinu.
7. Koksofnakoks	Fast efni sem fæst með kolun kola, aðallega kokskola, við hátt hitastig, það er með lágt rakastig og lítið af rokgjörnum efnum. Koksofnakoks er aðallega notað í járn- og stáliðnaðinum sem orkugjafi og hvarfmiðill. Til þessa flokks teljast kokssalli og málmsteypukoks. Hálfkoks (föst afurð sem fæst með kolun kola við lágt hitastig) ætti einnig að teljast til þessa flokks. Hálfkoks er notað til heimilisnota eða af umbreytingarverinu sjálfu. Líður þessi tekur einnig til koks, kokssalla og hálfkoks sem gert er úr surtarbrandi.
8. Gaskoks	Aukaafurð úr harðkolum sem notuð er til framleiðslu á veitugasi í gasverum. Gaskoks er notað til hitunar.

Orkuvara	Skilgreining
9. Koltjara	Myndast þegar linkol eru þurreimuð. Koltjara er fljótandi aukaafurðin sem verður til þegar kol eru eimuð í koksofni til að framleiða koks eða að hún er framleidd sérstaklega úr brúnkolum („lágheatjara“). Koltjoru er hægt að eima frekar fyrir mismunandi lífrænar vörur (t.d. bensen, tólúen og naftalín) sem yfirleitt yrðu taldar fram undir hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
10. Brúnkolaköggull (BKB)	Brúnkolaköggullar eru samsett eldsneyti, framleitt úr surtarbrandi eða gljábúnkolum, köggullarnir eru búnir til með háþrýstingi án bindiefna, þ.m.t. þurrkaðra brúnkolaagna og salla.
11. Gasveitugas	<p>Tekur til allra gastegunda sem framleiddar eru hjá almenningsveitum eða verum í einkaeigu sem hafa framleiðslu, flutning og dreifingu gass að aðalmarkmiði sínu. Þar er meðtalið gas sem framleitt er með kolun (þ.m.t. gas sem er framleitt í koksofnum og blandað við gasveitugas), með algerrri gösun, með eða án auðgunar með olíuvörum (fljótandi jarðolíugasi, eldsneytisólíuleif o.s.frv.) og með umbreytingum og einfaldri blöndun á gasi og/eða lofti, talið fram í „frá öðrum uppsprettum“. Gasveitugas, sem blandað hefur verið saman við jarðgas, sem verður dreift og notað fyrir milligöngu jarðgasdreifkerfisins, er talið fram undir umbreytingargeiranum.</p> <p>Telja ætti framleiðslu á öðru kolagasi (t.d. koksofnagasi, háofnagasi og gasi úr súrefnisstálbræðsluofnum) fram í dálkunum er varða slíkt gas en ekki undir framleiðslu á gasveitugas. Kolagas, sem flutt er í gasveituver, ætti þá að telja fram (í dálki út af fyrir sig) í umbreytingargeiranum í röðinni fyrir gasveituver. Færa ætti heildarmagn gasveitugass, sem orðið hefur til við flutning á öðru kolagasi, í línu fyrir framleiðslu á gasveitugas.</p>
12. Koksofnagas	Gasið er aukaafurð framleiðslu á koksofnakoksi fyrir járn- og stálframleiðslu.
13. Háofnagas	Framleitt með bruna á koxi í háofnum í járn- og stáliðnaðinum. Þaðan er það endurheimt og notað til eldsneytis, að hluta til innan versins og að hluta til í öðru ferli innan stáliðnaðarins eða í orkuverum sem hafa útbúnað til að brenna því. Eldsneytismagnið skal tilgreint á grunni vergs varmagildis.
14. Annað endurheimtanlegt gas	Aukaafurð stálframleiðslu í súrefnisbræðsluofni, endurheimt þegar það leitar út úr bræðsluofninum. Gastegundirnar eru einnig þekktar sem bræðsluofnagas, LD-gas eða BOS-gas. Magn endurheimts eldsneytis skal tilgreint á grunni vergs varmagildis. Það nær einnig yfir ótilgreindar framleiddar gastegundir sem ekki eru nefndar að ofan, t.d. eldfimt gas af föstum kolefnisauðugum uppruna sem var endurheimt úr framleiðslu og efnavinnslu sem ekki er skilgreind annars staðar.
15. Mór	<p>Brennanlegt mjúkt, gropið eða þjappað plöntuset með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið, í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, er ekki talinn með.</p> <p>Skilgreining þessi er með fyrirvara um skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB⁽¹⁾ og leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.</p>

Orkuvara	Skilgreining
16. Móvörur	Vörur eins og mókögglar sem unnir eru beint eða óbeint frá móbökum og muldum mó.
17. Olíuleirsteinn og olíusandur	Olíuleirsteinn og olíusandur eru setberg sem inniheldur lífrænt efni í forni kerógens. Kerógen er vaxkennt og vetniskolefnaríkt efni sem er talið vera forveri jarðolíu. Heimilt er að brenna olíuleirstein beint eða vinna hann með hitun til að olían seyti úr honum. Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með umbreytingu á vökva eru taldar fram í árlega olíuspurningalistanum um önnur vetniskolefni.

(¹) Stjóð. EB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

1.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. Birgða- og umbreytingargeirar

1. Framleiðsla

1.1. Þar af: neðanjarðar

Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.

1.2. Þar af: ofanjarðar

Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.

2. Frá öðrum upptökum

Um er að ræða tvo þætti:

- endurheimt grugglausn, kolamél og aðrar kolavörur svo rýrar að gæðum að ekki er hægt að flokka þær til kolategundar. Tekur til kola sem endurheimt eru úr úrgangshaugum og öðrum úrgangsgeymum,
- eldsneytisbirgðir, þar sem framleiðslan kemur fram í öðrum eldsneytisorkujöfnuði en þar sem notkunin mun koma fram í kolaorkujöfnuðinum.

2.1. Þar af: úr olíuvörum

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis jarðolíukoks sem bætt er í kokskol fyrir koksofna

2.2. Þar af: úr jarðgasi

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis jarðgas sem bætt er í gasveitugas til endanlegrar notkunar.

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis iðnaðarúrgangur sem bindiefni í framleiðslu á eldsneytiskögglum

3. Innflutningur
4. Útflutningur
5. Alþjóðlegir skipageymar
6. Breytingar á birgðum
Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
7. Verg notkun
8. Tölfræðilegur mismunur
9. Samtala umbreytingargeira
Eldsneytismagn sem notað er til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á kolum yfir í raforku, á koksofnagasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á kokskolum yfir í koks).
- 9.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
- 9.2. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
- 9.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
- 9.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
- 9.5. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
- 9.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
- 9.7. Þar af: Eldsneytisköggilaverksmiðjur
- 9.8. Þar af: Koksofnar
- 9.9. Þar af: Brúnkolaköggla- og móköggilaverksmiðjur
- 9.10. Þar af: Gasveitur
- 9.11. Þar af: Háofnar
Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum. Magn notað til eldsneytis við hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagass) ætti ekki að telja með í umbreytingargeiranum, heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.
- 9.12. Þar af: Þétting kola í vökva
Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með breytingu í vökva skal telja fram skv. 4. kafla í þessum viðauka.
- 9.13. Þar af: fyrir blandað jarðgas
Magn kolagass sem blandað er saman við jarðgas.
- 9.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

1.2.2. Orkugeiri

1. Samtala orkugeira

- 1.1. Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) og varmaorkuver
- 1.2. Þar af: Kolanámur
- 1.3. Þar af: Eldsneytisköggla-verksmiðjur
- 1.4. Þar af: Koksofnar
- 1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og móköggla-verksmiðjur
- 1.6. Þar af: Gasveitur
- 1.7. Þar af: Háofnar
- 1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
- 1.9. Þar af: Þétting kola í vökva
- 1.10. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka
2. Tap við dreifingu
Tap sem verður við flutning og dreifingu, sem og við brennslu á verksmiðjugasi.
3. Samtala endanlegrar notkunar
4. Samtala notkunar til annars en orkugjafar
 - 4.1. Þar af: Iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeiri
Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeira, t.d. kol notuð til að búa til metanól eða ammoníak.
 - 4.1.1. Frá 4.1, þar af: í jarðolíuefna- eða jarðgasefnageiranum
Notkun til annars en orkugjafar, t.d. kol notuð sem hráefni til framleiðslu á áburði og hráefni í önnur efni sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi.
 - 4.2. Þar af: Flutningageiri
Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum flutningageirans.
 - 4.3. Þar af: Aðrir geirar
Notkun til annars en orkugjafar í verslun og opinberri þjónustu, íbúðarhúsnæði, landbúnaði og öðru sem ekki er skilgreint annars staðar.

1.2.3. Skilgreining á endanlegri notkun orku

1. Endanleg orkunotkun
2. Iðnaðargeiri
 - 2.1. Þar af: Járn og stál
 - 2.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
 - 2.3. Þar af: Járnlausir málmar
 - 2.4. Þar af: Málmlaus steinefni
 - 2.5. Þar af: Flutningatæki

.....
 2.6. Þar af: Vélbúnaður

.....
 2.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

.....
 2.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

.....
 2.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

.....
 2.10. Þar af: Viður og viðarvörur

.....
 2.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

.....
 2.12. Þar af: Textílefni og leður

.....
 2.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

.....
 3. Flutningageiri

.....
 3.1. Þar af: Járabrautir

.....
 3.2. Þar af: Innanlandssiglingar

.....
 3.3. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....
 4. Aðrir geirar

.....
 4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta

.....
 4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði

.....
 4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt

.....
 4.4. Þar af: Fiskveiðar

.....
 4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

1.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, mívörur og olíuleirstein og olíusand.

1.3. *Varmagildi*

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, gaskoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, mívörur, olíuleirstein og olíusand.

Telja verður fram bæði vergt og hreint varmagildi fyrir helstu samtölur hér á eftir:

.....
 1. Framleiðsla

.....
 2. Innflutningur

.....
 3. Útflutningur

.....
 4. Notað í koksofna

.....
 5. Notað í háofna

6. Notað í raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver hjá framleiðendum í aðalstarfsemi

7. Notað í iðnaði

8. Til annarra nota

1.4. Mælieiningar

1. Orkumagn	10 ³ tonn Undantekning: í gasi (gasveitugasi, koksofnagasi, háofnagasi, öðru endurheimtanlegu gasi) er orkuinnihaldið mælt beint og einingin terajúl (TJ) (byggist á vergu varmagildi) er því notuð.
2. Varmagildi	MJ/tonn

1.5. Frávik og undanþágur

Á ekki við.

2. JARÐGAS

2.1. Viðeigandi orkuvörur

Gagnaöflun þessi á við um jarðgas en til þess telst gas, aðallega metan, sem finnst í nýtanlegum jarðlögum, hvort sem er fljótandi eða loftkennt.

Innan þess telst bæði „ótengt“ gas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefni í loftkenndu formi og „tengt“ gas úr framleiðslu sem tengist vinnslu á jarðolíu, sem og metan sem er endurheimt úr kolanámum (kolanámugas) eða kolalögum (kolalagagas).

Innan þess telst hvorki gas sem búið er til með loftfirrðri rotnun lífmassa (t.d. gasi frá heimilishaldi eða gasi frá skólpi) né gasveitugas.

2.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

2.2.1. Birgða- og umbreytingargeirar

Í eftirfarandi samtölum skal telja fram magn, gefið upp í bæði magn- og orkueiningum, og jafnframt taka með vergt varmagildi og hreint varmagildi:

1. Innlend framleiðsla

Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini.

Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas eða afgang.

Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.

1.1. Þar af: Tengt gas

Jarðgas úr vinnslu sem tengist hráolíu.

1.2. Þar af: Ótengt gas

Jarðgas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefnum í loftkenndu formi.

1.3. Þar af: Kolanámugas

Metan unnið úr kolanámum eða úr kolalögum, leitt í röllum að yfirborðinu og notað í kolanámum eða flutt með leiðslum til neytenda.

-
2. Frá öðrum upptökum
Eldsneyti sem er blandað í jarðgas og notað sem blanda.
-
- 2.1. Þar af: úr olíuvörum
Fljótandi jarðolíugas til að endurnýja gæðin, t.d. varmagildi
-
- 2.2. Þar af: úr kolum
verksmiðjugas til að blanda við jarðgas
-
- 2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum
lífgas til að blanda við jarðgas
-
3. Innflutningur
-
4. Útflutningur
-
5. Alþjóðlegir skipageymar
-
6. Breytingar á birgðum
Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
-
7. Verg notkun
-
8. Tölfræðilegur mismunur
Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
-
9. Endurheimtanlegt gas: upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils
Tiltækt gasmagn til afhendingar hvernig sem á stendur með inntak eða úttak. Þetta tekur til endurheimtanlegs jarðgass sem geymt er í sérstökum geymslum (uppurnu gas- og/eða olíuvinnslusvæði, í veiti, saltholu, blönduðum hellum eða öðrum) og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Púðagas skal undanskilið.
Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
-
10. Loftað gas
Gas sem losað er út í andrúmsloftið á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni.
Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
-
11. Logagas
Gas sem brennur í afgangsgasa á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni.
Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
-
12. Samtala umbreytingargeira
Eldsneyti sem er notað til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á jarðgasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á jarðgasi yfir í metanól).
-
- 12.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
-
- 12.2. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
-
- 12.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
-
- 12.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
-

.....
 12.5. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

.....
 12.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

.....
 12.7. Þar af: Gasveitur

.....
 12.8. Þar af: Koksofnar

.....
 12.9. Þar af: Háofnar

.....
 12.10. Þar af: Gasi breytt í vökva

Jarðgas sem er notað sem hráefni fyrir umbreytingu í vökva, t.d. magn eldsneytis sem fer inn í framleiðsluferli metanóls til umbreytingar í metanól.

.....
 12.11. Þar af: Ekki tilgreint – umbreyting

2.2.2. *Orkugeiri*

.....
 1. Samtala orkugeira

.....
 1.1. Þar af: Kolanámur

.....
 1.2. Þar af: Oliu- og jarðgasvinnsla

.....
 1.3. Þar af: Aðföng til olíuhreinsunarstöðva

.....
 1.4. Þar af: Koksofnar

.....
 1.5. Þar af: Háofnar

.....
 1.6. Þar af: Gasveitur

.....
 1.7. Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver

.....
 1.8. Þar af: Þétting (fljótandi jarðgas) og gösun

.....
 1.9. Þar af: Gasi breytt í vökva

.....
 1.10. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

.....
 2. Tap við dreifingu og flutning

2.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

Í öllum eftirfarandi samtölum þarf að telja fram sitt í hvoru lagi notkun á jarðgasi til orkugjafar og (þar sem það á við) notkun sem er ekki til orkugjafar:

.....
 1. Samtala endanlegrar notkunar

Endanleg orkunotkun og notkun sem er ekki til orkugjafar skal talin fram sitt í hvoru lagi undir þessum lið.

.....
 2. Flutningageiri

.....
 2.1. Þar af: Flutningar á vegum

Tekur til bæði þjappaðs jarðgass og lífgass

.....
 2.1.1. Þar af: Þáttur lífgass í flutningum á vegum

.....
2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur
.....

2.3. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar
.....

3. Iðnaðargeiri
.....

3.1. Þar af: Járn og stál
.....

3.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
.....

3.3. Þar af: Járnlausir málmar
.....

3.4. Þar af: Málmlaus steinefni
.....

3.5. Þar af: Flutningatæki
.....

3.6. Þar af: Vélbúnaður
.....

3.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
.....

3.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
.....

3.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
.....

3.10. Þar af: Viður og viðarvörur
.....

3.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
.....

3.12. Þar af: Textílefni og leður
.....

3.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður
.....

4. Aðrir geirar
.....

4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta
.....

4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði
.....

4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt
.....

4.4. Þar af: Fiskveiðar
.....

4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað
.....

2.2.4. *Innflutningur og útfutningur*

Telja skal fram bæði heildarmagn jarðgass og þann hluta af því sem er fljótandi jarðgas eftir upprunalöndum hvað varðar innflutning og eftir viðtökulöndum fyrir útflutning.

2.2.5. *Geymslurými fyrir gas*

.....

1. Heiti

Heiti staðarins þar sem geymsluaðstaðan er.
.....

2. Gerð

Geymslugerð, s.s. uppurið gasvinnslusvæði, salthol o.s.frv.
.....

3. Virkt rými

Heildargeymslurými gass, að frádrögnum púðagasi. Púðagasið er heildarmagn gass sem þarf að hafa sem varanlegar birgðir til að halda megi nægilegum geymsluþrýstingi á neðanjarðargeymum og tryggja afhendingarþrýsting á öllu útgjafarstiginu.

4. Hámarksútgjöf

Hámarkshlutfall gass sem hægt er að taka út úr viðkomandi geymslu; þetta samsvarar hámarksútskilnaðargetu.

2.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Magn jarðgass er talið fram samkvæmt orkuinnihaldi þess, þ.e. í terajúlum, byggt á vergu varmagildi, nema annað sé gefið til kynna. Einingin 10^6 m^3 er notuð þar sem krafist er efnislegs magns, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas ($15 \text{ }^\circ\text{C}$, $101,325 \text{ kPa}$).
2. Varmagildi	kJ/m^3 , sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas ($15 \text{ }^\circ\text{C}$, $101,325 \text{ kPa}$).
3. Virkt geymslurými	10^6 m^3 , sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas ($15 \text{ }^\circ\text{C}$, $101,325 \text{ kPa}$).
4. Hámarksútgjöf	$10^6 \text{ m}^3/\text{á dag}$, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas ($15 \text{ }^\circ\text{C}$, $101,325 \text{ kPa}$).

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. RAFORKA OG VARMI

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um varma og raforku.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir hvað varðar útskýringar á hugtökum sem þessi kafli útskýrir ekki sérstaklega. Skilgreiningarnar og einingarnar, sem nefndar eru í 1., 2., 4. og 5. kafla, gilda um orkuvörur sem heyra undir eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas, jarðgas, olíu- og jarðolíuafurðir og endurnýjanlega orku og orku úr úrgangi.

3.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Eftirfarandi sértækar skilgreiningar gilda um samtölur fyrir raforku og varma í þessum kafla:

- Verg raforkuframléiðsla: samanlögð raforkuframléiðsla frá öllum umræddum rafalastæðum (þ.m.t. dælimiðlunum), mældum við útgangspól aðalrafalanna.
- Verg varmaframléiðsla: allur varmi sem framléiddur er í verinu, þ.m.t. varmi sem fer til þess stoðbúnaðar versins sem notar heitan vökva (rýmishitun, hitun fljótandi eldsneytis o.s.frv.) og tap í varmaskiptum vers og veitukerfis, sem og varmi frá efnavinnslu sem notaður er sem frumorka.
- Hrein raforkuframléiðsla: verg raforkuframléiðsla að frátalinni þeirri raforku sem notuð er af stoðbúnaði rafala og tapinu í spennubreytum aðalrafala.
- Hrein varmaframléiðsla: varminn sem veittur er inn í dreifingarkerfið, eins og ákvarðað er með mælingum á út- og innstreymi.

Í samtölunum, sem nefndar eru í næstu töflu, verður að telja fram sérstaklega hvað er fyrir orkuver framléiðanda í aðalstarfsemi og hvað er fyrir orkuver framléiðanda til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal telja fram sérstaklega bæði verga og hreina raforku- og varmaframléiðslu fyrir raforkuver eingöngu, fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver og fyrir orkuver sem framléiða eingöngu varma, eftir því sem við á, að því er varðar eftirfarandi samtölur:

-
1. Heildarframleiðsla
-
- 1.1. Þar af: Kjarnorka
-
- 1.2. Þar af: Vatnsorka
-
- 1.2. 1. Þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælmiðlun
-
- 1.3. Þar af: Jarðvarmi
-
- 1.4. Þar af: Sólarorka
-
- 1.5. Þar af: Sjávarfalla-, öldu-, haforka
-
- 1.6. Þar af: Vindorka
-
- 1.7. Þar af: Brennanlegt eldsneyti
Eldsneyti sem hægt er að kveikja í eða brenna, þ.e. það hvarfast við súrefni til að framleiða umtalsverða hækun hitastigs og er brennt beint til að framleiða raforku og/eða varma.
-
- 1.8. Þar af: Varmadælur
Varmaframleiðsla með varmadælum aðeins ef varminn er seldur til þriðja aðila (þ.e. í tilvikum þar sem framleiðslan á sér stað í umbreytingargeiranum).
-
- 1.9. Þar af: Rafmagnskatlar
Varmamagn frá rafmagnskötlum þar sem framleiðslan er seld til þriðju aðila.
-
- 1.10. Þar af: Varmi frá efnavinnslu
Varmi sem hlýst af framleiðslu án inntekinnar orku, s.s. frá efnahvörfum.
Undanskilið er varmatap frá orkuknúnum ferlum, sem hefðu átt að vera taldir fram undir framleiddum varma úr viðkomandi eldsneyti.
-
- 1.11. Þar af: Önnur upptök (tilgreinið)
-
- Telja verður samtölurnar, sem nefndar eru í næstu töflu, fram sem heildartölur fyrir raforku og varma hvort fyrir sig, eftir því sem við á. Í fyrstu þremur samtölunum í næstu töflu ætti að reikna magn út frá því verðgildi sem talið er fram skv. fyrri töflu og samrýmt því.
-
1. Verg heildarframleiðsla
-
2. Eigin notkun í verinu
-
3. Hrein heildarframleiðsla
-
4. Innflutningur
Sjá einnig skýringu undir 5. lið „Útflutningur“.
-
5. Útflutningur
- Litið skal svo á að raforka sé annaðhvort innflutt eða útflutt þegar hún hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur átt sér stað eða ekki. Magnið ætti að tilgreina, ef raforka er flutt yfir land, bæði undir innflutningi og útflutningi.
-
6. Notað í varmadælur
-
7. Notað í rafknúna gufukatla
-

-
8. Notað fyrir dælimiðlun
-
9. Notað í raforkuframleiðslu
-
10. Afhent orka
- Raforka: samanlögð hrein raforkuframleiðsla frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldu því magni sem varmadælur og rafknúnir gufukatlar nota á sama tíma, dælt er inn viðbótarmagni eða magni frá við útflutning til eða innflutning frá útlöndum.
- Varmi: samanlögð nettóvarmaframleiðsla til sölu frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldum þeim varma sem notaður er til raforkuframleiðslu og aukningu eða samdrætti hans með útflutningi frá eða innflutningi til útlanda.
-
11. Sendinga- og dreifingartap
- Allt tap á raforku og varma vegna flutninga og dreifingar.
- Að því er varðar raforku er tap í spennubreytum sem ekki teljast óaðskiljanlegur hluti orkuvera talið með.
-
12. Heildarnotkun (útreiknuð)
-
13. Tölfræðilegur mismunur
-
14. Heildarnotkun (mæld)
- Sérstaklega skal telja fram framleidda raforku, seldan varma og notað eldsneyti, þ.m.t. viðkomandi heildarorku úr brennanlegu orkugjöfunum sem skráðir eru í næstu töflu, fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal, eftir því sem við á, raforku- og varmaframleiðsla talin fram fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða (eingöngu) varma:
-
1. Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas:
-
- 1.1. Harðkol
-
- 1.2. Kokskol
-
- 1.3. Önnur linkol
-
- 1.4. Gljábrúnkol
-
- 1.5. Brúnkol
-
- 1.6. Mór
-
- 1.7. Eldsneytiskögglar
-
- 1.8. Koksofnakoks
-
- 1.9. Gaskoks
-
- 1.10. Koltjara
-
- 1.11. Brúnkolakögglar (köggluð brúnkol)
-
- 1.12. Gasveitugas
-
- 1.13. Koksofnagas
-

- 1.14. Háofnagas
- 1.15. Annað endurheimtanlegt gas
- 1.16. Móvörur
- 1.17. Olíuleirsteinn og olíusandur
- 2. Olía og jarðolíuafurðir
 - 2.1. Jarðolía
 - 2.2. Jarðgasvökvi
 - 2.3. Olíuhreinsunargas
 - 2.4. Fljótandi jarðolíugas (LPG)
 - 2.5. Nafta
 - 2.6. Steinolíukennt þotuelsneyti
 - 2.7. Önnur steinolía
 - 2.8. Gas/dísilolía (eimuð brennsluolía)
 - 2.9. Svartolía
 - 2.10. Jarðbik (þ.m.t. bikolía)
 - 2.11. Jarðolíukoks
 - 2.12. Aðrar olíuvörur
- 3. Jarðgas
- 4. Endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi
 - 4.1. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)
 - 4.2. Sorp (endurnýjanlegt)
 - 4.3. Sorp (óendurnýjanlegt)
 - 4.4. Fast lífeldsneyti
 - 4.5. Lífgas
 - 4.6. Lífdísilolíur
 - 4.7. Annað fljótandi lífeldsneyti
- 3.2.2. *Raforku- og varmanotkun innan orkugeirans*
 - 1. Samtala orkugeira
 - Undanskilin eru eigin not orkuvers, dælimiðlun, varmadælur og rafmagnskatlar.
 - 1.1. Þar af: Kolanámur
 - 1.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

- 1.3. Þar af: Eldsneytisköggla-verksmiðjur
- 1.4. Þar af: Koksofnar
- 1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og móköggla-verksmiðjur
- 1.6. Þar af: Gasveitur
- 1.7. Þar af: Háofnar
- 1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
- 1.9. Þar af: Kjarnorkuiðnaður
- 1.10. Þar af: Þétting kola í vökva
- 1.11. Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð
- 1.12. Þar af: Gösunarver (lífgas)
- 1.13. Þar af: Gasi breytt í vökva
- 1.14. Þar af: Framleiðslustöð viðarkola
- 1.15. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

3.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

- 1. Iðnaðargeiri
 - 1.1. Þar af: Járn og stál
 - 1.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
 - 1.3. Þar af: Járnlausir málmar
 - 1.4. Þar af: Málmlaus steinefni
 - 1.5. Þar af: Flutningatæki
 - 1.6. Þar af: Vélbúnaður
 - 1.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
 - 1.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
 - 1.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
 - 1.10. Þar af: Viður og viðarvörur
 - 1.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
 - 1.12. Þar af: Textílefni og leður
 - 1.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður
- 2. Flutningageiri
 - 2.1. Þar af: Járnbrautir
 - 2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur

.....
 2.3. Þar af: Vegir

.....
 2.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....
 3. Íbúðarhúsnæðisgeiri

.....
 4. Verslun og opinber þjónusta

.....
 5. Landbúnaður/skógrækt

.....
 6. Fiskveiðar

.....
 7. Ekki skilgreindar annars staðar – annað

3.2.4. Innflutningur og útfutningur

Magn innflutnings og útfutnings á raforku og varma eftir löndum.

3.2.5. Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum til eigin nota

Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum raforku og varma til eigin nota skal talin fram sérstaklega fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver, fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku og fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) varma, í eftirtöldum orkuverum og starfsemi:

.....
 1. Samtala orkugeira

.....
 1.1. Þar af: Kolanámur

.....
 1.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

.....
 1.3. Þar af: Eldsneytisköggla- og móköggla-verksmiðjur

.....
 1.4. Þar af: Koksofnar

.....
 1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og móköggla-verksmiðjur

.....
 1.6. Þar af: Gasveitur

.....
 1.7. Þar af: Háofnar

.....
 1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

.....
 1.9. Þar af: Þétting kola í vökva

.....
 1.10. Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð

.....
 1.11. Þar af: Gösunarver (lífgas)

.....
 1.12. Þar af: Gasi breytt í vökva

.....
 1.13. Þar af: Framleiðslustöð viðarkola

.....
 1.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

.....
 2. Flutningageiri

.....
 2.1. Þar af: Járnbrautir

.....
 2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur

.....
 2.3. Þar af: Vegir

.....
 2.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....
3. Allir aðrir geirar: eins og skrá yfir samtölur undir lið „3.2.3. Skilgreining á lokanotkun orku“.
.....

3.3. Skipulagsupplýsingar um raforku- og varmaframleiðslu

3.3.1. Hrein hámarksraforkuafköst og álagstoppur

Telja ber afköst fram fyrir 31. desember á viðkomandi skýrsluári.

Raforkuafköst frá bæði orkuverum sem framleiða (eingöngu) raforku og orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu eru meðtalin.

Hrein hámarksraforkuafköst eru samarlögð hrein hámarksafköst allra stöðva, gerð upp í hverri stöð fyrir sig á tilteknu vinnslutímabili. Gert er ráð fyrir, miðað við núverandi markmið, að vinnslutímabilið sé samfellt: í raun 15 klst. eða meira á dag. Nettóhámarksafköst eru hámarksafl, sem gert er ráð fyrir að sé eingöngu virkt afl sem allar stöðvar geta látið í té samfellt, við úttak dreifikerfisins, þegar þær eru í fullum gangi. Álagstoppur er skilgreindur sem hæsta gildi afls sem dreifikerfi eða samsetning dreifikerfa innan landsins tekur til sín eða lætur í té.

Tilkynna verður hrein hámarksraforkuafköst fyrir bæði framleiðanda í aðalstarfsemi og þann sem framleiðir til eigin nota.

.....
1. Samtals
.....

2. Kjarnorka
.....

3. Vatnsorka
.....

3.1. Þar af: blönduð orkuver
.....

3.2. Þar af: hrein dælimiðlun
.....

4. Jarðvarmi
.....

5. Sólarraforka
.....

6. Sólarvarmaorka
.....

7. Sjávarfalla-, öldu-, haforka
.....

8. Vindorka
.....

9. Brennanlegt eldsneyti
.....

9.1. Þar af: Gufa
.....

9.2. Þar af: Bruni
.....

9.3. Þar af: Gashverfill
.....

9.4. Þar af: Samsett ferli
.....

9.5. Þar af: Annað
.....

Verður útskýrt ef talið fram.

Eftirfarandi upplýsingar um álagstopp verður að tilkynna fyrir dreifikerfið:
.....

10. Álagstoppur
.....

11. Tiltæk afköst í álagstoppi
.....

12. Dagsetning og tími þegar álagstoppur koma fyrir
.....

3.3.2. Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis

Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis verður að telja fram bæði fyrir framleiðendur í aðalstarfsemi og framleiðendur til eigin nota og sérstaklega fyrir hvora tegund af verum sem nota eina tegund af eldsneyti og verum sem nota margar tegundir af eldsneyti, sem koma fram í næstu töflu. Hjá öllum verum sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis skal merkja við hvaða tegund eldsneytis er notuð sem aðaleldsneyti og hverjar eru aukaeldsneyti.

1. Kynt með einni tegund eldsneytis:
 - 1.1. Kynt með kolum eða kolaafurðum
Tekur til koksofnagass, háofnagass og gass úr súrefnisstálbræðsluofnum.
 - 1.2. Kynt með fljótandi eldsneyti
Tekur til hreinsunarstöðvagass.
 - 1.3. Kynt með jarðgasi
Tekur til gasveitugass
 - 1.4. Kynt með mó
 - 1.5. Kynt með brennanlegum endurnýjanlegum orkugjöfum og úrgangi
2. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti
3. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu eldsneyti og jarðgasi
4. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, fljótandi eldsneyti og jarðgasi
5. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti og jarðgasi

Aðeins einingar sem geta brennt fleiri en einni tegund eldsneytis í samfellu teljast vera kerfi sem kynt eru með mörgum tegundum eldsneytis. Stöðvum með aðskildum einingum, sem nota mismunandi eldsneyti, ætti að skipta upp og hver eining að fara í viðeigandi flokk fyrir stöð sem kyndir með einni tegund eldsneytis.

3.4. Gögn um kjarnorku

Tilkynna verður eftirfarandi gögn um almenn not af kjarnorku:

1.	Auðgunargeta Árleg aðgreiningargeta starfandi kjarnorkuvera í auðgunarstarfsemi (aðgreining á samsætum úrans).
2.	Framleiðslugeta á fersku eldsneyti Árleg framleiðslugeta orkuvera sem framleiða eldsneyti. Verksmiðjur sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru undanskildar.
3.	Framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Árleg framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Blandað oxíðeldsneyti (e. MOX) inniheldur blöndu af plútoni og úrani (blandað oxíð).
4.	Framleiðsla á fersku eldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í kjarnorkuverum sem framleiða eldsneyti. Eldsneytisstangir eða aðrir hlutar af vöru eru undanskilin. Orkuver sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru einnig undanskilin.
5.	Framleiðslugeta á blönduðu oxíðeldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í verksmiðjum sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Eldsneytisstangir eða aðrir hlutar af vöru eru undanskilin.

6.	Framleiðsla á varma frá kjarnorkuverum. Heildarmagn varma sem aflað er frá kjarnakljúfum til framleiðslu á rafmagni eða til annarrar gagnlegrar notkunar varma.
7.	Árleg meðalbrennsla á geisluðu eldsneyti sem er varanlega losað Reiknað meðaltal brennslu á eldsneyti sem hefur verið varanlega losað frá kjarnakljúfunum á viðkomandi viðmiðunarári. Undanskilið er eldsneyti sem er losað tímabundið og verður líklega ekki umhlaðið aftur síðar.
8.	Framleiðsla á úrani og plútoni í endurvinnsluverum Úran og plúton sem framleitt er í endurvinnsluverum á viðmiðunarárinu.
9.	Afkastageta (á úrani og plútoni) í endurvinnsluverum Árleg endurvinnslugeta úrans og plútons.

3.5. Mælieiningar

1. Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Varmi: Terajúl Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas: mælieiningarnar í 1. kafla þessa viðauka gilda. Jarðgas: mælieiningarnar í 2. kafla þessa viðauka gilda. Olía og jarðolíuafurðir: mælieiningarnar í 4. kafla þessa viðauka gilda. Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur: mælieiningarnar í 5. kafla þessa viðauka gilda. Úran og plúton: tonn af þungmálmi (tHM).
2. Afkastageta	Afköst raforkuframleiðslu: Rafmegavött (MWe) Afköst varmaframleiðslu: Varmamegavött (MWt) Auðgunargeta (sundurgreining á samsætum úrans): í tonnum af sundurgreindum vinnueiningum (tSWU). Framleiðslugeta af kjarnorkuelsneyti: tonn af þungmálmi (tHM).

3.6. Frávik og undanþágur

Frakkland er undanþegið skýrslugjöf um samtölur að því er varðar varma. Undanþágan fellur úr gildi um leið og Frakkar eru tilbúnir til að senda þessa skýrslu og, í öllu falli, ekki seinna en fjórum árum eftir gildistöku dag þessarar reglugerðar.

4. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

4.1. Viðeigandi orkuvörur

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Jarðolía	Óhreinsuð olía er jarðolía af náttúrulegum uppruna úr blöndu vetniskolefna og aðskotaefna sem henni fylgja, s.s. brennisteini. Hún er fljótandi við staðalhitastig og -þrýsting og eðliseiginleikar hennar (eðlismassi, seigja, o.s.frv.) eru mjög breytilegir. Til þessa flokks teljast þéttar frá olíusvæðum og leigusvæðum sem unnir eru úr tengdu og ótengdu gasi sem blandast við hina óhreinsuðu olíu í vinnslu.

Orkuvara	Skilgreining
2. Jarðgasvökvi	Jarðgasvökvi er vetniskolefni sem er, eða hefur verið gert, fljótandi og er unnið upp úr jarðgasi í aðgreiningar- eða gasvinnslustöðvum. Etan, própan, bútan (venjulegt og ísóbútan), (ísó)pentan og pentón plús (stundum kölluð náttúrulegt bensín eða stöðvarþétta) teljast til jarðgasvökva.
3. Hráefni til olíuhreinsunar	Hráefni til olíuhreinsunar er unnin olía ætluð til frekari vinnslu (þ.e. bein-eimuð brennsluolía eða undirþrýstieimuð gasolía), annarrar en blöndunar. Með frekari vinnslu er því umbreytt í einn eða fleiri efnisþætti og/eða fullunnar vörur. Þessi skilgreining nær einnig yfir vörur sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn skilar til hreinsunariðnaðarins (t.d. hitasundrað bensín, C4-þætti, gasolíu- og brennsluolíuþætti).
4. Íblöndunarefni/súrefnissambönd	<p>Íblöndunarefni eru efnasambönd, önnur en vetniskolefni, sem bætt er í eða blandað saman við vöru til að breyta eldsneytiseiginleikum (oktan, setan, kuldaeiginleikar o.s.frv.):</p> <ul style="list-style-type: none"> — súrefnissambönd, s.s. alkóhól (metanól, etanól), eter (s.s. MTBE (metýl-tertíerbutýleter), ETBE (etýltertíerbutýleter), TAME (tertíeramýl-metýleter)), — esterar (t.d. repjuolía eða dímetýlester, o.s.frv.), — efnasambönd (s.s. tetrametýlbly, tetraetýlbly og þvotta- og hreinsiefni). <p><i>Athugasemd:</i> Magn íblöndunarefna/súrefnissambanda (alkóhóls, eters, estera og annarra efnasambanda) sem talið er fram í þessum flokki ætti að vera í samhengi við magnið sem ætlað er til blöndunar í eldsneyti eða til notkunar sem eldsneyti.</p>
4.1. Þar af: Lífildsneyti	<p>Lífbensín og lífdísilolía. Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.</p> <p>Magn fljótandi lífildsneytis sem tilgreint er í þessum flokki á við um lífildsneytið en ekki heildarmagn vökvans sem lífildsneytinu er blandað í.</p> <p>Öll viðskipti með lífildsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), eru undanskilin og ætti að telja þau fram í 5. kafla. Tilgreina ætti lífildsneytið, sem selt er sem hluti af flutningaeldsneyti, í viðkomandi vöru þar sem lífildsneytisskammturinn er gefinn upp.</p>
5. Önnur vetniskolefni	<p>Tilbúin óhreinsoð olía úr tjörusandi, leirsteinsolía o.s.frv., vökvar úr umbreytingu kola í vökva (sjá 1. kafla), afurðir úr vökva úr þéttingu jarðgass í bensín (sjá 2. kafla), vetni og fleytt olía (t.d. bikolía).</p> <p>Framleiðsla olíu úr leirsteini er undanskilin, um hana gildir 1. kafli.</p> <p>Framleiðslu olíu úr leirsteini (annars stigs afurð) skal telja fram í „frá öðrum uppsprettum“ í flokknum „önnur vetniskolefni“.</p>
6. Olíuhreinsunargas (ekki fljótandi)	Olíuhreinsunargas er blanda af gastegundum sem ekki þéttast og er aðallega úr vetni, metani, etani og ólefinum sem verða til við eimingu jarðolíu eða meðhöndlun olíuvara (t.d. sundrunar) í hreinsunarstöðvum. Þetta tekur einnig til gass sem skilað er frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
7. Etan	Náttúrulega loftkennt ógreinótt vetniskolefni (C ₂ H ₆) dregið út úr jarðgasi og gasstreymi hreinsunarstöðva.

Orkuvara	Skilgreining
8. Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Fljótandi jarðolíugas er létt paraffínskt vetniskolefni sem leiða má út í hreinsunarferlum, við stöðgun óhreinsaðrar olíu og í jarðgasvinnslustöðvum. Innihaldsefni þess eru einkum própán (C_3H_8) og bútan (C_4H_{10}) eða samsetning þeirra tveggja. Það getur einnig innihaldið própýlen, bútýlen, ísóprópýlen og ísobútýlen. Fljótandi jarðolíugas er yfirleitt gert fljótandi með þrýstingi fyrir flutning og geymslu.
9. Nafta	Nafta er hráefni sem ætlað er annaðhvort í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn (t.d. í etýlenframleiðslu eða framleiðslu arómatískra efna) eða í bensínframleiðslu með umbreytingu eða hverfingu í hreinsunarstöðvum. Nafta er úr efni á eimingsviðinu milli 30 °C og 210 °C eða hluta af því sviði.
10. Hreyfilbensín	Hreyfilbensín er sett saman úr blöndu af léttum vetniskolefnum sem eimast á milli 35 °C og 215°C. Það er notað til eldsneytis fyrir neistakveikjuhreyfla á landi. Hreyfilbensín getur innihaldið íblöndunarefni, súrefnissambönd og efni sem auka oktántöluna, þ.m.t. blýsambönd s.s. tetraetýlbly og tetrametýlbly. Tekur til þátta sem blandað er í hreyfilbensín (að undanskildum íblöndunarefnum/súrefnissamböndum), t.d. alkulata, ísómerata, afurða umbreyta, sundraðs bensíns sem ætlað er til notkunar sem fullunnið hreyfilbensín.
10.1. Þar af: Lífbensín	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
11. Flugvélabensín	Hreyfilbensín, sérstaklega búið til fyrir strokkhreyfla í flugvélum, með oktántölu sem hæfir vélinni og frostmark við -60°C og eimingsvið sem yfirleitt er innan markanna 30°C og 180°C.
12. Þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð)	Þetta tekur til allrar olíu úr léttum vetniskolefnum til notkunar í flughverflum, eimist milli 100°C og 250°C. Það er fengið fram með því að blanda steinolíu og bensíni eða nafta á þann hátt að arómatískt efni fari ekki yfir 25% af rúmmálinu og gufuþrýstingurinn sé á milli 13,7 kPa og 20,6 kPa.
13. Steinolíukennt þotueldsneyti	Eimi notað fyrir flughverfla. Það hefur sömu eimingsgreinleika á milli 150° C og 300 °C (yfirleitt ekki yfir 250°C) og sama blossamark og steinolía. Þar að auki hefur það sérstakar forskriftir (s.s. frostmark) sem Alþjóðasamband flugfélaga (IATA) hefur staðfest. Tekur einnig til þátta sem blandað er í steinolíu.
13.1. Lífræn steinolía fyrir þotur	Fljótandi lífeldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinolíu fyrir þotur.
14. Önnur steinolía	Hreinsað jarðolíueimi notað í öðrum geirum en flugfrakt. Það eimast á milli 150 °C og 300 °C.
15. Gas-/dísilolía (brennsluolíueymi)	Gasolía/dísilolía er aðallega millieimi sem eimast á milli 180 °C og 380 °C. Tekur til blöndunarþátta. Nokkrir gæðaflokkar eru fánlegir, eftir því um hvaða notkun er að ræða:
15.1. Þar af: Vegadísilolía	Dísilolía fyrir ökutæki með þjökkveikju fyrir dísilolíu (bílur, vörubifreiðar o.s.frv.), yfirleitt með lágt brennisteinsinnihald.

Orkuvara	Skilgreining
15.1.1. Frá 15.1., þar af: Lífdísilólíur	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
15.2 Þar af: Gasolía til húshitunar og önnur gasolía.	Létt hitunarolía til notkunar í atvinnu- og viðskiptalegum tilgangi, skipadísilolía og dísilolía notuð til járnbrautarflutninga, önnur gasolía, þ.m.t. þung gasolía sem eimast á milli 380° C og 540° C og er notuð í hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
16. Brennsluolía	Allar leifar (svart-) brennsluolíu (þ.m.t. þær sem fengnar eru fram með blöndun). Eðlisseigja er hærri en 10 sentistók (cSt) við 80 °C. Blossamarkið er alltaf hærri en 50 °C og eðlismassi er alltaf hærri en 0,90 kg/l.
16.1. Þar af: Lítið brennisteinsinnihald	Svartolía með lægra brennisteinsinnihaldi en 1%.
16.2. Þar af: Hátt brennisteinsinnihald	Svartolía með 1% brennisteinsinnihald eða hærri.
17. Terpentína og hreinsað bensín	<p>Hreinsuð meðalþung eimi með eimingu á nafta-/steinolíusviðinu. Þeim er skipt niður í:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Hreinsað bensín (SBP): Léttolíur sem eimast á milli 30 °C og 200 °C. Til eru 7 eða 8 gæðaflokkar af hreinsuðu bensíni og fara gæðin eftir því hvar eimingarferlið er stöðvað. Gæðaflokkarnir eru skilgreindir samkvæmt mismuni hitastigs við mörk 5% og 90% af magninu sem hefur eimast (og er ekki hærri en 60 °C). — Terpentína Hreinsað bensín með blossamark yfir 30 °C. Eimingsarvið terpentínu er 135 °C –200 °C.
18. Smurefni	<p>Vetniskolefni framleidd úr eimi aukaafurðar, þau eru aðallega notuð til að minnka núning milli snertiflata á legum.</p> <p>Tekur til allra tilbúinna gæðaflokka smurefni, frá ásaolíu til strokkolíu og þeirra sem notaðar eru í feiti, vélaolíu og allra gæðaflokka af grunnefnum smurolíu.</p>
19. Jarðbik	<p>Fast, hálffast eða seigfljótandi vetniskolefni með sviflausnargerð, brúnt allt að svart að lit, verður til sem leifar við eimingu jarðolíu, með undirþrýstieimingu á olíuleifum frá eimingu við venjulegan loftþrýsting. Jarðbik er oft kallað asfalt og aðallega notað í vegagerð og sem þakefni.</p> <p>Þar með talið fljótandi og þynnt jarðbik.</p>
20. Paraffínvax	Þetta vax er mettað og alifatískt vetniskolefni. Þetta vax er leif sem dregið er út þegar vax er fjarlægð úr smurefnum. Bygging þess er kristölluð sem er meira eða minna fingerð, samkvæmt gæðunum. Aðaleinkenni þess eru eins og hér segir: það er litlaust, lyktarlaust og hálfvagnsætt, með bræðslumark yfir 45 °C.
21. Jarðolíukoks	Svört, föst aukaafurð, aðallega fengin fram með sundrun og kolun á hráefni unnu úr jarðolíu, botnfalli frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting, tjöru og biki í ferlum eins og tafinni koksun og vökvakoksun. Það er aðallega kolefni (90–95%) og hefur lágt öskuinnihald. Það er notað sem hráefni í koksofna í stáliðnaðinum, til hitunar og framleiðslu á rafskautum og iðefnum. Tveir mikilvægustu gæðaflokkarnir eru „hrákoks“ og „glætt koks“.

Orkuvara	Skilgreining
	Tekur til „hvatakoks“ sem fellur til og sest á hvata í hreinsunarferlunum, þetta koks er ekki hægt að endurheimta og er venjulega brennt sem hreinsunarstöðvaeldsneyti.
22. Aðrar vörur	Allar vörur sem ekki er sérstaklega minnst á hér að ofan, t.d. tjara og brennisteinn. Nær yfir arómatísk efni (t.d. bensen (BTX), tólúen og xýlen) og ólefinur (t.d. própýlen) sem framleiddar eru í hreinsunarstöðvum.

4.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. Framboð óhreinsaðrar olíu, jarðgasvökva, hráefnis hreinsunarstöðva, íblöndunarefnis og annars vetniskolefnis

Eftirfarandi tafla gildir um óhreinsaða olíu, jarðgas, vökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd (og lífræna þætti þeirra) og önnur vetniskolefni:

1. Innlend framleiðsla

Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva eða lífoldsneyti.

2. Frá öðrum uppsprettum, íblöndunarefni, lífoldsneyti og önnur vetniskolefni en um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyriliti.

Á ekki við um óhreinsaða olíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.

2.1. Þar af: úr kolum

Þar með taldir vökvar sem framleiddir eru í verum sem umbreyta kolum í vökva og vökvaafurðir frá koksofnum.

2.2. Þar af: úr jarðgasi

Við framleiðslu á tilbúnu bensini þarf e.t.v. að nota jarðgas sem hráefni. Gas til metanólframleiðslu er talið fram skv. 2. kafla en metanólið, sem út úr henni kemur, er talið fram hér.

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

Þar með talið lífoldsneyti sem er ætlað til blöndunar við flutningaeldsneyti.

Framleiðsla er talin fram í 5. kafla en magn til blöndunar er talið fram hér.

3. Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira

Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu.

Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

4. Millifærðar vörur

Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

5. Innflutningur og útflutningur

Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin komi frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi.

Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út.

Athugasemd: Öll viðskipti með lífildsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.

Endurútflytning olíu, sem flutt er inn til vinnslu innan tollfrjálsra svæða, ber að telja með undir útflytningi vöru frá vinnslulandinu til lokaviðtökustaðarins.

6. Bein notkun

Óhreinsuð olía, jarðgasvökvi, íblöndunarefni og súrefnissambönd (og sá hluti sem er lífildsneyti) og önnur vetniskolefni notuð beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöðvum.

Tekur til óhreinsaðrar olíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.

7. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

8. Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva

Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflytningur – bein notkun + breytingar á birgðum. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.

10. Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva

Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva

11. Tap í hreinsunarstöðvum

Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.

12. Heildarupphafsbirgðir og heildarbirgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði

Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilátímabilsins, eftir því sem við á.

13. Nettóvarmagildi

Framleiðsla, innflutningur og útflytningur og heildarmeðaltal.

4.2.2. Framboð á olíuvörum

Eftirfarandi tafla á við um fullunnar vörur (hreinsunarstöðvagass, etan, fljótandi jarðolíugass, nafta, hreyfilbensín og einnig þátt þess í lífbensíni, flugvélabensín, þotueldsneyti, steinolíukennt þotueldsneyti og einnig lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu með lágt eða hátt brennisteinsinnihald, terpentínu og hreinsað bensín, smurefni, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar vörur). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva, sem fer beint til brennslu, ætti að telja með við afhendingu fullunninna vara og millifærslur innan vörutegunda.

1.	<p>Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar</p> <p>Tekur til innlendirar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlands jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.</p>
2.	<p>Verg framleiðsla hreinsunarstöðva</p> <p>Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðju.</p> <p>Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.</p>
3.	<p>Endurunnar vörur</p> <p>Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurólía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.</p>
4.	<p>Hreinsunarstöðvaeldsneyti</p> <p>Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva.</p> <p>Undanskildar eru vörur sem oliufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. oliugeymar eða oliúflutningaskip.</p> <p>Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.</p>
4.1.	<p>Þar af: notað til raforkuframleiðslu</p> <p>Magn notað til að framleiða raforku í verum í tengslum við hreinsunarstöðvar.</p>
4.2.	<p>Þar af: notað til samþættrar varma- og raforkuvinnslu</p> <p>Magn notað í orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu í tengslum við hreinsunarstöðvar.</p>
4.3.	<p>Þar af: notað til varmaframleiðslu</p> <p>Magn notað til að framleiða varma í tengslum við hreinsunarstöðvar.</p>
5.	Innflutningur og útflutningur
6.	Alþjóðlegir skipageymar
7.	<p>Millifærslur innan vörutegunda</p> <p>Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru.</p> <p>Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.</p>
8.	<p>Millifærðar vörur</p> <p>Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.</p>
9.	<p>Breytingar á birgðum</p> <p>Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.</p>
10.	<p>Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar</p> <p>Þær eru skilgreindar sem:</p> <p>Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur + breytingar á birgðum</p>

11.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frábrugnum þeim mældu.
12.	Mældar vergar innanlandsafhendingar Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins. Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni, t.d. vegna mismunar á yfirgrípi og/eda mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
12.1.	Þar af: Vergar afhendingar til jarðolíu- og jarðgasgeirans Eldsneyti afhent til jarðolíu- og jarðgasgeirans.
12.2.	Þar af: Orkunotkun í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er til eldsneytis í jarðolíu- og jarðgasvinnslu, t.d. gufusundrun.
12.3.	Þar af: Notkun sem er ekki til orkugjafar í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er í jarðolíu- og jarðgasgeiranum til að framleiða etýlen, própýlen, bútýlen, tilbúið gas, arómatísk efni, bútaðien og önnur hráefni á vetniskolefnisgrunni í vinnsluferlum s.s. við gufusundrun, í orkuverum sem framleiða arómatísk efni og við gufaafslumbreytingar. Olía sem notuð er til eldsneytis er undanskilin.
13.	Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
14.	Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.
15.	Breytingar á birgðum hjá almenningsveitum Breytingar á birgðum í vörslu almenningsveita og eru ekki taldar með í birgðastöðu og breytingar á birgðum sem tilgreindar eru annars staðar. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu. Tekur til jarðolíu og jarðgasvökva sem fer til beinnar brennslu, ef við á.
16.	Hreint varmagildi vergra innanlandsafhendinga

4.2.3. Vergar innanlandsafhendingar eftir geirum

Í eftirfarandi töflum eiga eftirfarandi samtölur við um hráolíu, jarðgasvökva, hreinsunarstöðvagás, etan, fljótandi jarðolíugás, nafta, hreyfilbensín og lífrænan hluta þess, flugvélabensín, þotueldsneyti, hreint steinolíukennt þotueldsneyti og lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas- eða dísilolíu (og hluta þess af vegadísil, hitunarolíu og annarri gasolíu, lífdísilolíu og ólífrænni gas- eða dísilolíu) hreina brennsluolíu (þ.m.t. hlutar þess með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar olíuvörur.

Tilkynna þarf magn og heildarsamtölu bæði fyrir orkunotkun og notkun til annars en orkugjafar.

1. Samtala umbreytingargeira

Heildarmagn eldsneytis sem er notað til fyrsta og annars stigs umbreytinga á orku.

1.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

-
- 1.2. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
-
- 1.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
-
- 1.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
-
- 1.5. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
-
- 1.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
-
- 1.7. Þar af: Gasver/gösunarver
-
- 1.8. Þar af: Blandað jarðgas
-
- 1.9. Þar af: Koksofnar
-
- 1.10. Þar af: Háofnar
-
- 1.11. Þar af: Jarðolíu- og jarðgasiðnaður
-
- 1.12. Þar af: Eldsneytiskögglaverka-smíðjur
-
- 1.13. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting
-
2. Samtala orkugeira
Heildarmagn notað sem orka í orkugeiranum
-
- 2.1. Þar af: Kolanámur
-
- 2.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla
-
- 2.3. Þar af: Koksofnar
-
- 2.4. Þar af: Háofnar
-
- 2.5. Þar af: Gasveitur
-
- 2.6. Þar af: Orkuver
Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) og varmaorkuver.
-
- 2.7. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka
-
3. Tap við dreifingu
Tap sem verður utan hreinsunarstöðva vegna flutnings og dreifingar.
Tekur til taps í leiðslum.
-
4. Endanleg orkunotkun
-
5. Iðnaðargeiri
-
- 5.1. Þar af: Járn og stál
-
- 5.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
-
- 5.3. Þar af: Járnlausir málmar
-
- 5.4. Þar af: Málmlaus steinefni
-
- 5.5. Þar af: Flutningatæki
-

-
- 5.6. Þar af: Vélbúnaður
-
- 5.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
-
- 5.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
-
- 5.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
-
- 5.10. Þar af: Viður og viðarvörur
-
- 5.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
-
- 5.12. Þar af: Textilefni og leður
-
- 5.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður
-
6. Flutningageiri
-
- 6.1. Þar af: Millilandaflug
-
- 6.2. Þar af: Innanlandsflug
-
- 6.3. Þar af: Vegir
-
- 6.4. Þar af: Járnbrautir
-
- 6.5. Þar af: Innanlandssiglingar
-
- 6.6. Þar af: Flutningar um leiðslur
-
- 6.7. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar
-
7. Aðrir geirar
-
- 7.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta
-
- 7.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði
-
- 7.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt
-
- 7.4. Þar af: Fiskveiðar
-
- 7.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað
-
8. Samtala notkunar til annars en orkugjafar
- Magn notað sem hráefni í mismunandi geirum og er hvorki notað sem eldsneyti né því umbreytt í annað eldsneyti. Þetta magn er inni í samtölunum sem skráðar eru hér á undan.
-
- 8.1. Þar af: Umbreytingargeiri
-
- 8.2. Þar af: Orkugeiri
-
- 8.3. Þar af: Flutningageiri
-
- 8.4. Þar af: Iðnaðargeiri
-
- 8.4.1. Iðnaðargeiri, þar af: Kemískt (þ.m.t. unnið úr jarðolíu eða jarðgasi)
-
- 8.5. Þar af: Aðrir geirar
-

4.2.4. *Innflutningur og útflytningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflytningur eftir viðtökulandi. Sjá einnig athugasemdir undir tölulið 4.2.1., samtala 5.

4.3. *Mælieiningar*

1. Orkumagn	10 ³ tonn
2. Varmagildi	MJ/tonn

4.4. **Frávik og undanþágur**

Kýpur er undanþegið því að gefa skýrslu um samtölnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3 undir 4. tölulið (aðrir geirar) og 5. tölulið (samtala orkunotkunar sem er ekki til orkugjafar), aðeins heildargildin eiga við.

Í þrjú ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru Kýpurþáttar undanþegnar því að gefa skýrslu um samtölnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3. undir 2. tölulið (iðnaðargeiri) og 3. tölulið (flutningsgeiri), aðeins heildargildin eiga við meðan undanþágan gildir.

5. ENDURNÝJANLEG ORKA OG ORKA ÚR ÚRGANGI

5.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Vatnsorka	Stöðu- og hreyfiorka vatns sem er breytt í raforku með vatnsaflsvirkjunum. Dælimiðlun verður að telja með. Tilgreina skal framleiðslu í orkuverum af stærðinni < 1 MW, 1 til < 10 MW, ≥ 10 MW og í dælimiðlun.
2. Jarðvarmi	Orka sem kemur sem varmi neðan úr jarðskorpunni, yfirleitt sem heitt vatn eða gufa. Þessi orkuframleiðsla er mismunurinn á varmagildi vökvans sem leiddur er úr borholunni og varmagildi þess vökvans sem að lokum er til ráðstöfunar. Orkan er á heppilegum stöðum: <ul style="list-style-type: none"> — til raforkuframleiðslu með notkun á hreinni gufu eða saltlegi með háu varmagildi eftir leiftureimingu, — beint sem varmi til fjarhitunar, landbúnaðar o.s.frv.
3. Sólarorka	Sólargeislun nýtt til hitunar á vatni og raforkuframleiðslu. Þessi framleidda orka er tiltækur hiti í varmaberanum, þ.e. aðfallandi sólarorka að frádregnu ljósfræðilegu tapi og tapi í sólargleypum. Hlutlaus sólarorka til beinnar hitunar, kælingar og lýsingar á húsnæði eða í öðrum byggingum er ekki meðtalin.
3.1. Þar af: Sólarraforka	Sólarljós sem umbreytt er í raforku með notkun á sólarrafhlöðum, sem eru yfirleitt gerðar úr hálfleiðaraefni sem framleiðir raforku þegar það kemst í snertingu við ljós.
3.2. Þar af: Sólarvarmaorka	Varmi frá sólargeislun, getur falist í: <ul style="list-style-type: none"> a) sólarvarmarafstöðvum, eða b) búnaði til framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota eða fyrir árstíðabundna upphitun á sundlaugum (t.d. sólargleypiplötur, aðallega af gerð fallkúta).
4. Sjávarfalla-, öldu-, haforka	Aflræn orka fengin úr sjávarföllum, ölduhreyfingum eða hafstraumum og nýtt til raforkuframleiðslu.
5. Vindorka	Hreyfiorka vinds sem er hagnýtt til raforkuframleiðslu með vindhverflum.

Orkuvara	Skilgreining
6. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)	Teljið fram iðnaðarúrgang af óendurnýjanlegum uppruna (fastan eða í vökvaformi) sem brenndur er beint til framleiðslu á raforku og/eða varma. Telja ætti fram hreint varmagildi þess eldsneytismagns sem notað er. Telja ætti endurnýjanlegan iðnaðarúrgang fram undir flokkunum fastur lífmassi, lífgas og/eða fljótandi lífheldsneyti.
7. Heimilis- og rekstrarúrgangur:	Úrgangur frá heimilum, sjúkrahúsum og þriðja geiranum sem brenndur er í sérstökum stöðvum, á grunni hreins varmagildis.
7.1. Þar af: Endurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem er af líffræðilegum uppruna.
7.2. Þar af: Óendurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem ekki er af líffræðilegum uppruna.
8. Fast lífheldsneyti:	Tekur til lífræns efnis af líffræðilegum uppruna sem er ekki jarðefnaeldsneyti en hægt er að nota sem eldsneyti til varmaframleiðslu eða raforkuframleiðslu. Það er:
8.1. Þar af: Viðarkol	Fastar leifar frá þurreimingu og hitasundrun á viði og öðrum plöntuefnum.
9. Lífgas:	Gas sem er aðallega metan og koltvísýringur og framleitt með loftfirrtu niðurbroti á lífmassa.
10. Fljótandi lífheldsneyti	Magn fljótandi lífheldsneytis sem talið er fram í þessum flokki ætti að eiga við um lífheldsneytið sjálft en ekki heildarmagn vökvans sem blandað er við. Varðandi innflutning og útflutning á fljótandi lífheldsneyti þarf aðeins að tilgreina viðskipti með fljótandi lífheldsneyti sem hefur ekki verið blandað með flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi sínu), tilkynna ætti viðskipti með fljótandi lífheldsneyti, sem blandað er með flutningaeldsneyti, í olíugögnunum í 4. kafla. Um er að ræða eftirfarandi fljótandi lífheldsneyti:
10.1. Þar af: Lífbensín	Flokkur þessi tekur til lífetanóls (etanóls sem framleitt er úr lífmassa og/ eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), lífmetanóls (metanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), líf-ETBE (etýltertertíerbutýleter sem framleitt er á grunni lífetanóls; hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-ETBE sem er talið til lífheldsneytis, er 47%) og líf-MTBE (metýltertertíerbutýleter sem framleitt er á grunni lífmetanóls; hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-MTBE sem er talið til lífheldsneytis, er 36%).
10.1.1. Lífbensín, þar af: Lífetanól	Etanól sem framleitt er úr lífmassa og/eða öðrum lífbrjótanlegum þáttum úr úrgangi
10.2. Þar af: Lífdísilólíur	Þessi flokkur tekur til lífdísilólíu (metýlester með díseiginleika sem framleitt er úr jurta- eða dýraolíu), lífdímetýleter (dímetýleter sem framleiddur er úr lífmassa), efni framleidd með Fischer-Tropsch-aðferð (úr lífmassa), kaldpressaðrar lífolíu (olíu sem framleidd er úr olíufræjum, aðeins með vélrænum aðferðum) og alls annars fljótandi lífheldsneytis sem er bætt við, blandað í flutningsdísilólíu eða notað beint sem flutningsdísilólía.
10.3. Lífræn steinólía fyrir þotur	Fljótandi lífheldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinólíu fyrir þotur.
10.4. Annað fljótandi lífheldsneyti	Fljótandi lífheldsneyti, notað beint sem eldsneyti, ekki talið með lífbensíni eða lífdísilólíum.

5.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

5.2.1. Verg raforku- og varmaframleiðsla

Raforku og varma, sem framleidd eru úr orkuvörunum sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskildum viðarkolum, lífbensíni og lífrænni steinolíu fyrir þotur) verður, eftir því sem við á, að telja fram sérstaklega:

- fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota,
- fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver sem framleiða eingöngu varma og orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu.

Krafa þessi undanskilur viðarkol. Fyrir fljótandi lífoldsneyti er lífbensín undanskilið og einnig lífræn steinólía fyrir þotur. Fyrir vatnsorkuna verður að skipta skýrslum niður á orkuver með að 1 MW rafmagnsaflgetu, milli 1 og 10 MW og yfir 10 MW.

5.2.2. Birgða- og umbreytingargeirar

Telja verður fram magn orkuvara sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í birgða- og umbreytingargeirunum, fyrir eftirfarandi samtölur:

-
1. Framleiðsla
.....
 2. Innflutningur
.....
 3. Útflutningur
.....
 4. Breytingar á birgðum
Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
.....
 5. Verg notkun
.....
 6. Tölfræðilegur mismunur
.....
 7. Samtala umbreytingargeira
Magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgangs sem notað er til umbreytingar á frumorku yfir í annars stigs orku (t.d. á hauggasi yfir í raforku) og til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. lífgasi sem notað er í jarðgas).
.....
 - 7.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
.....
 - 7.2. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
.....
 - 7.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
.....
 - 7.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
.....
 - 7.5. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
.....
 - 7.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
.....
 - 7.7. Þar af: Eldsneytiskögglaferksmiðjur
Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til að framleiða eldsneytisköggl. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
.....

7.8. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverka-smiðjur
Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða brúnkolaköggla. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgangur, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.

7.9. Þar af: Gasveitugas
Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða gasveitugas. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgangur, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.

7.10. Þar af: háofnar
Magn endurnýjanlegrar orku (t.d. viðarkol) sem er umbreytt í háofnum.
Endurnýjanlega orku, sem er notuð til hitunar og starfrækslu búnaðar, ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

7.11. Þar af: Blöndunarver jarðgass
Magn lífgass sem blandað er við jarðgas sem hefur verið bætt í dreifikerfi jarðgass.

7.12. Þar af: til blöndunar í hreyfilbensín/dísilolíu/steinolíu
Fljótandi lífildsneyti, sem er ekki afhent til endanlegrar notkunar en notað með öðrum jarðolíuafurðum, er tilgreint í olíuspurningalistanum.

7.13. Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola
Viðarmagn notað til viðarkolaframleiðslu.

7.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

5.2.3. Orkugeiri

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í orkugeiranum eða fara til endanlegrar notkunar, fyrir eftirfarandi samtölur:

1. Samtala orkugeira
Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem orkuíðnaðurinn notar til að styðja við umbreytingaraðgerðir. Til dæmis endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til hitunar, lýsingar eða rekstrar á dælum/bjöppum.
Tilgreina ætti magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgangur, sem umbreytt er í annað orkuform, í umbreytingargeiranum.

1.1. Þar af: Gösunarver

1.2. Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver í eigu hins opinbera

1.3. Þar af: Kolanámur

1.4. Þar af: Eldsneytiskögglaverka-smiðjur

1.5. Þar af: Koksofnar

1.6. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

1.7. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverka-smiðjur

1.8. Þar af: Gasveitugas

1.9. Þar af: Háofnar

.....
1.10. Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola
.....

1.11. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar
.....

2. Tap við dreifingu

Allt tap sem verður vegna flutnings og dreifingar.
.....

5.2.4. *Endanleg notkun orku*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku), fyrir eftirfarandi samtölur:

1. Endanleg orkunotkun
.....

2. Iðnaðargeiri
.....

2.1. Þar af: Járn og stál
.....

2.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
.....

2.3. Þar af: Járnlausir málmar
.....

2.4. Þar af: Málmlaus steinefni
.....

2.5. Þar af: Flutningatæki
.....

2.6. Þar af: Vélbúnaður
.....

2.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
.....

2.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
.....

2.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
.....

2.10. Þar af: Viður og viðarvörur
.....

2.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
.....

2.12. Þar af: Textílefni og leður
.....

2.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður
.....

3. Flutningageiri
.....

3.1. Þar af: Járnbrautir
.....

3.2. Þar af: Vegir
.....

3.3. Þar af: Innanlandssiglingar
.....

3.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar
.....

4. Aðrir geirar
.....

4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta
.....

4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði
.....

4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt
.....

.....
 4.4. Þar af: Fiskveiðar

.....
 4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

5.2.5. Tæknilegir eiginleikar orkuvera

Telja verður fram eftirfarandi afköst raforkuframleiðslu, eftir því sem við á, í lok skýrsluársins:

-
 1. Vatnsorka
 Telja verður fram afköst orkuvera af stærðunum < 1 MW, 1 til < 10 MW, og ≥ 10 MW fyrir blönduð orkuverk og fyrir hreina dælimiðlun, og einnig samantekin afköst allra stærða. Upplýsingar um stærð veranna eru gefnar upp án tillits til dælimiðlunar.

2. Jarðvarmi

3. Sólarraforka

4. Sólarvarmaorka

5. Sjávarfalla-, öldu-, haforka

6. Vindorka

7. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)

8. Heimilis- og rekstrarúrgangur

9. Fast lífildsneyti

10. Lífgas

11. Lífdísilolíur

12. Annað fljótandi lífildsneyti
 Uppsett heildaryfirborð sólargleypa skal talið fram.
 Framleiðslugeta á eftirtöldu lífildsneyti skal talin fram:

1. Lífbensín

2. Lífdísilolíur

3. Lífræn steinolía fyrir þotur

4. Annað fljótandi lífildsneyti

5.2.6. Innflutningur og útlutningur

Tilkynna skal innflutning eftir upprunalandi og útlutning eftir viðtökulandi fyrir eftirfarandi vörur:

-
 1. Lífbensín

- 1.1. Þar af: Lífetanól

2. Lífræn steinolía fyrir þotur

3. Lífdísilolíur

4. Annað fljótandi lífildsneyti

5. Viðarköggjar

5.2.7. Framleiðsla úr föstu lífildsneyti og lífgasi

Tilkynna skal framleiðslu á eftirfarandi vörum:

1. Fast lífildsneyti (að undanskildum viðarkolum)
 - 1.1. Þar af: eldiviður, viðarleifar og aukaafurðir
 - 1.1.1. Frá eldiviði, viðarleifum og aukaafurðum, þar af: viðarkögglar
 - 1.2. Þar af: svartlútur
 - 1.3. Þar af: kraminn sykurreyr
 - 1.4. Þar af: dýraúrgangur
 - 1.5. Þar af: önnur plöntuefni og plöntuleifar
2. Lífgas frá loftfirrðri gerjun
 - 2.1. Þar af: hauggas
 - 2.2. Þar af: skólpeðjugas
 - 2.3. Þar af: annað lífgas frá loftfirrðri gerjun
3. Lífgas frá varmaferlum

5.3. Varmagildi

Telja verður fram meðaltal hreins varmagildis fyrir eftirfarandi vörur:

1. Lífbensín
2. Lífetanól
3. Lífdísilolía
4. Lífræn steinolía fyrir þotur
5. Annað fljótandi lífildsneyti
6. Viðarkol

5.4. Mælieiningar

1. Raforkuframleiðsla	Megavattstund
2. Varmaframleiðsla	Terajúl
3. Endurnýjanlegar orkuvörur	Lífbensín, lífdísilolía og annað fljótandi lífildsneyti: í tonnum Viðarkol: 1000 tonn Allt annað: Terajúl (á grunni nettóvarmagildis).
4. Yfirborð sólargleypa	1000 m ²
5. Afköst orkuvera	Lífildsneyti: tonn á ári Allt annað: Rafmegavött (MWe)
6. Varmagildi	KJ/kg (hreint varmagildi)

5.5. Frávik og undanþágur

Á ekki við.

6. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

Almanaksár (frá 1. janúar til 31. desember).

2. Tíðni

Árlega.

3. Skilafrestur gagna:

30. nóvember á því ári sem kemur á eftir skýrslutímabilinu.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI C

MÁNAÐARLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Viðauki þessi lýsir umfangi, einingum, framtalstímabilum, tíðni, fresti og sendingarfyrirkomulagi sem við eiga um mánaðarlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. Viðeigandi orkuvörur

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Harðkol	Harðkol á við um kol með jafnt og eða hærra vergt varmagildi en 20 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni og með handahófskenndan endurvarpsstuðul vítrínits sem er að meðaltali ekki lægri en 0,6 prósent.
2. Brúnkol	Ómótuð kol með vergu varmagildi minna en 20 000 kJ/kg og meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr, steinefnalaus efni.
3. Mór	Brennanlegt, mjúkt, gropið eða þjappað jarðefnaset úr jurtaríkinu með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið og í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, ætti ekki að teljast með hér. Malaður mór er meðtalinn hér.
4. Eldsneytiskögglar	Samsett eldsneyti gert úr harðkoolaögnum með því að bæta bindiefni við þær.
5. Brúnkolaköggull (BKB) (brúnkolaköggullar)	Brúnkolaköggullar eru samsett eldsneyti, framleitt úr surtarbrandi eða gljábrúnkolum, köggullarnir eru búnir til með háþrýstingi án bindiefna, þ.m.t. þurrkaðra brúnkolaagna og salla.
6. Koks	Fast efni sem fæst með kolun kola, aðallega kokskola, við hátt hitastig, það er með lágt rakastig og lítið af rokgjörnum efnum. Koksofnakoks er aðallega notað í járn- og stáliðnaðinum sem orkugjafi og hvarfmiðill. Til þessa flokks teljast kokssalli og málmsteypakoks. Hálfkoks (föst afurð sem fæst með kolun kola við lágt hitastig) ætti einnig að teljast til þessa flokks. Hálfkoks er notað til heimilisnota eða af umbreytingarverinu sjálfu. Líður þessi tekur einnig til koks, kokssalla, gaskoks og hálfkoks sem gert er úr surtarbrandi.

1.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. Birgðageiri

Eftirfarandi samtölur eiga við um harðkol, surtarbrand og mó:

1. Framleiðsla

2. Endurheimtar vörur (á aðeins við um harðkol)
Grugglausnir og kolarusl unnið upp úr námum.

-
3. Heildarinnflutningur
-
4. Heildarútflutningur
-
5. Birgðir:
- Upphaf tímabils
 - Lok tímabils
 - Breytingar á birgðum
- Birgðamagnið í námum og hjá innflytjendum.
- Undanskildar eru birgðir hjá notendum, (t.d. í orkuverum og koksvinnslustöðvum) að frátöldum birgðum hjá notendum sem flytja beint inn.
- Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
-
6. Útreiknaðar innanlandsafhendingar
- Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsnotkunar. Það er skilgreint sem:
- Framleiðsla + endurheimtar vörur + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum
-
7. Tölfræðilegur mismunur.
- Jafngildir útreikningi að frádregnum innanlandsafhendingum.
- Á aðeins við um harðkol.
-
8. Mældar innanlandsafhendingar
- Magn sem afhent er á innri markaðinn. Jafngildir heildarmagni afhendinga til hinna ýmsu notenda. Mismunur kann að koma í ljós á milli útreiknaðra og mældra afhendinga.
- Á aðeins við um harðkol.
-
- 8.1. Þar af: afhendingar til framleiðenda í aðalstarfsemi – orkuvera
-
- 8.2. Þar af: afhendingar til koksvinnslustöðva
-
- 8.3. Þar af: afhendingar til eldsneytisköggla-verksmiðja
- Magn notað til umbreytingar í eldsneytisköggla-verum (námueldsneytisköggla-verum og þeim sjálfstæðu).
-
- 8.4. Þar af: afhendingar til iðnaðar í heild
-
- 8.5. Þar af: aðrar afhendingar (stofnanir, heimili o.s.frv.)
- Eldsneyti til heimila (þ.m.t. kol sem afhent eru starfsfólki í námum og tengdum verksmiðjum) og þjónustustofnana (stjórnsýslu, verslana o.s.frv.) og til geira sem ekki eru skilgreindir annars staðar.
- Eftirfarandi samtölur gilda um koks, eldsneytisköggla og brúnkolaköggla.
-
1. Framleiðsla
-
2. Heildarinnflutningur
-
3. Heildarútflutningur
-

4. Birgðir:

- Upphaf tímabils
- Lok tímabils
- Breytingar á birgðum

Magn í koksvinnslustöðvum (koks) og eldsneytiskögglaeverum (eldsneytiskögglar).

Undanskildar eru birgðir notenda, að frátöldum birgðum sem eru hjá notendum sem flytja beint inn.

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

5. Útreiknaðar innanlandsafhendingar

Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsnotkunar. Það er skilgreint sem:

framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum. Afhendingar í járn- og stáliðnaðinn (á aðeins við um koks)

1.2.2. *Innflutningur*

Tilkynna skal innflutning eftir upprunalandi og útflutning eftir viðtökulandi fyrir harðkol.

1.3. **Mælieiningar**

Allt vörumagn er gefið upp sem 10³ tonn.

1.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. RAFORKA

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafla þessi fjallar um raforku.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

2.2.1. *Framleiðslugeiri*

Í eftirtöldum samtölum skal telja fram bæði vergt og hreint magn:

1. Heildarraforkuframleiðsla

1.1. Þar af: Kjarnorka

1.2. Þar af: Vatnsorka

1.2.1. Úr 1.2. þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun

1.3. Þar af: Jarðvarmi

1.4. Þar af: Venjulegur varmi

1.5. Þar af: Vindorka

Einnig skal telja fram eftirfarandi raforkumagn:

2. Innflutningur

2.1. Þar af: innflutningur innan ESB

3. Útflutningur

3.1. Þar af: útflutningur utan ESB

4. Notað fyrir dælimiðlun

5. Notað fyrir innri markaðinn

Þær eru reiknaðar út sem:

Hrein heildarframleiðsla + innflutningur – útflutningur – Notað fyrir dælimiðlun Eftirfarandi samtölur eiga við um eldsneytisnotkun í orkuverum framleiðenda (vísað er til viðauka B um skilgreiningu á brúnkolum og viðauka C fyrir skilgreiningu á harðkolum):

6. Heildareldsneytisnotkun í verum framleiðenda í aðalstarfsemi

Heildarmagn eldsneytis sem notað er til að framleiða raforku og auk þess til framleiðslu á varma sem eingöngu á að selja þriðja aðila.

6.1. Þar af: Harðkol

6.2. Þar af: Brúnkol

6.3. Þar af: Jarðolíuafurðir

6.4. Þar af: Jarðgas

6.5. Þar af: Afleiðugas (þ.e.a.s. verksmiðjugas)

6.6. Þar af: Annað eldsneyti

2.2.2. *Eldsneytisbirgðir í verum framleiðenda í aðalstarfsemi*

Með framleiðendum í aðalstarfsemi er átt við almenningsveitur sem framleiða raforku með notkun eldsneytis. Telja skal fram eftirtaldar birgðir í lok tímabils (birgðir við lok skýrslumánaðar):

1. Harðkol

2. Brúnkol

3. Jarðolíuafurðir

2.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Harðkol, surtarbrandur og jarðolíuafurðir: bæði í 10^3 tonnum og í terajúlum á grunni hreins varmagildis. Jarðgas og afleiðugas: Terajúl á grunni vergs varmagildis. Annað eldsneyti: Terajúl á grunni nettóvarmagildis. Hiti frá kjarnorkuverum: Terajúl.
-------------	---

2. Vörubirgðir	10 ³ tonn
----------------	----------------------

2.4. Frávik og undanþágur

Á ekki við.

3. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

3.1. Viðeigandi orkuvörur

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur sem skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B gilda um: jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, önnur vetniskolefni, hreinsunarstöðvagass (ekki í fljótandi formi), etan, fljótandi jarðolíugass, nafta, hreyfilbensín, flugvélabensín, þotuelsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð), steinolíukennt þotuelsneyti, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu (eimaða brennsluolíu), flutningsdísilolíu, hitunargasolíu og aðra gasolíu, brennsluolíu (með lágt eða hátt brennisteinsinnihald), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffinvax og jarðolíukoks.

Eftir því sem við á skal telja hreyfilbensín fram í tvo flokka, þ.e. lífbensín eða ekki lífbensín; telja skal þotusteínolíu fram í tvo flokka, þ.e. lífræna steinolíu fyrir þotur og ekki lífræna steinolíu fyrir þotur; telja skal gas- eða dísilolíu fram í fjórum flokkum, þ.e. vegadísil, hitunarolíu og aðra gasolíu, lífdísilolíu og ólífræna gas- eða dísilolíu.

„Aðrar vörur“ taka til bæði magnsins sem samsvarar skilgreiningunni í 4. kafla í viðauka B og að auki terpentínu og hreinsað bensín, smurefni, jarðbik og paraffinvax; þessar vörur má ekki telja fram sér.

3.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. Birgðageiri

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd, lífheldsneyti og önnur vetniskolefni:

1. Innlend framleiðsla

Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva.

2. Frá öðrum upptökum

Íblöndunarefni, lífheldsneyti og önnur vetniskolefni, um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisýfirliti.

Á ekki við um óhreinsaða olíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.

3. Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira

Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

4. Millifærðar vörur

Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

5. Innflutningur og útflutningur

Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin komi frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi.

Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út.

Athugasemd: Öll viðskipti með lífheldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.

6. Bein notkun

Jarðolía, jarðgasvökvi og önnur vetniskolefni sem notuð eru beint án þess að vera unnin í jarðolíuhreinsunarstöðvum.

Tekur til óhreinsaðrar olíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.

7. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

8. Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva

Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem:

Innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur
– útflutningur – bein notkun – breytingar á birgðum

9. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.

10. Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva

Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva

11. Tap í hreinsunarstöðvum

Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.

Eftirfarandi tafla á hvorki við um hráefni til hreinsunarstöðva né íblöndunarefni/súrefnissambönd:

1. Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar

Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þetta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.

2. Verg framleiðsla hreinsunarstöðva

Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðju.

Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.

3. Endurunnar vörur

Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurólía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.

4. Hreinsunarstöðvaeldsneyti

Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva.

Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip.

Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.

-
5. Innflutningur og útflutningur
-
6. Alþjóðlegir skipageymar
-
7. Millifærslur innan vörutegunda
- Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru.
- Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.
-
8. Millifærðar vörur
- Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.
-
9. Breytingar á birgðum
- Birgðaaugning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
-
10. Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar
- Þær eru skilgreindar sem:
- Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur – breytingar á birgðum
-
11. Tölfræðilegur mismunur
- Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
-
12. Mældar vergar innanlandsafhendingar
- Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins.
- Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni, t.d. vegna mismunar á yfirgrípi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
-
- 12.1. Þar af: Afhending til alþjóðlegs almenningsflugs
-
- 12.2. Þar af: Afhending til framleiðenda í aðalstarfsemi – orkuver
-
- 12.3. Þar af: Afhending á fljótandi jarðolíugasi til ökutækja
-
- 12.4. Þar af: Afhending (verg) til jarðolíu- og jarðgasgeirans
-
13. Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
-
14. Samtals hreinar afhendingar innanlands
-

3.2.2. Vörubirgðir

Eftirtalдар upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils skal telja fram að því er varðar allar orkuvörur, þ.m.t. íblöndunarefni/súrefnissambönd, að undanskildu hreinsunarstöðvagasi:

.....

1. Birgðir á innlendu yfirráðasvæði
- Birgðir á/í eftirfarandi stöðum: hreinsunarstöðvatönkum, lausavörubirgðastöðvum, tönkum við leiðslur, þrómmum og strandtankskipum (þegar brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi), tankskipum í höfn aðildarríkis (ef skipa á farminum upp í þeirri höfn) og eldsneytishólfum í skipum inni í landi. Undanskildar eru olíubirgðir í leiðslum, í járnbrautartankvögnum, í tankflutningabilum, í eldsneytishólfum í hafskipum, á bensínstöðvum, í smásöluverslunum og í eldsneytishólfum á hafi úti.
-

-
2. Birgðir geymdar fyrir önnur lönd samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið.
Birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og sem aðgangur að er tryggður með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.
-
3. Birgðir með þekktum útlendum ákvörðunarstað
Birgðir, sem ekki eru meðtaldar í 2. lið, á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og eru á leið þangað. Birgðir þessar geta verið innan eða utan tollfrjálsra svæða.
-
4. Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum
Tekur til birgða, sem ekki eru meðtaldar í 2. eða 3. lið, án tillits til hvort þær hafa farið í gegnum tollafgreiðslu eða ekki.
-
5. Birgðir hjá aðalnotendum
Tekur til birgða sem eru háðar opinberu eftirliti. Birgðir annarra notenda falla ekki undir þessa skilgreiningu.
-
6. Birgðir um borð í skipum sem koma að landi og liggja í höfn eða við legufæri
Birgðir án tillits til hvort þær hafa fengið tollafgreiðslu eða ekki. Þessi flokkun undanskilur birgðir um borð í úthafsskipum.
Tekur til olíu í strandtankskipum ef bæði brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi. Aðeins skal tilgreina það magn sem afferma á í skýrslugjafarlandinu, ef um er að ræða skip sem affermt er í fleiri en einni höfn.
-
7. Birgðir hins opinbera á innlendu yfirráðasvæði
Tekur til birgða, sem ekki eru hernaðarlegar, á innlendu yfirráðasvæði hins opinbera og eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera og eingöngu til nota í neyðarástandi.
Undanskildar eru birgðir hjá olüufyrirtækjum í eigu ríkisins og hjá rafmagnsveitum og birgðir sem olüufyrirtæki halda fyrir hönd hins opinbera.
-
8. Birgðir hjá birgðageymsluaðilum á innlendu yfirráðasvæði
Birgðir, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og fyrirtækjum í einkaeign, sem eingöngu er viðhaldið til að nota í neyðarástandi.
Skyldubundnar birgðir fyrirtækja í einkaeign eru undanskildar.
-
9. Allar aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði
Allar aðrar birgðir sem uppfylla skilyrðin sem lýst er í 1. lið hér að ofan.
-
10. Birgðir í útlöndum samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið
Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu en eru í öðru landi og sem aðgangur er tryggður að með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.
-
- 10.1. Þar af: Birgðir hjá hinu opinbera
-
- 10.2. Þar af: Birgðir hjá birgðageymsluaðilum
-
- 10.3. Þar af: Aðrar birgðir
-
11. Birgðir í útlöndum sem eru sérstaklega ætlaðar til innflutnings
Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu, undanskildar í 10. flokki, en eru í öðru landi og bíða innflutnings þar.
-
12. Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum
Aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem ekki eru meðtaldar í ofangreindum flokkum.
-

.....

13. Innihald í leiðslum

Olía (jarðolía og jarðolíuafurðir) í leiðslum, sem er nauðsynleg til að viðhalda rennsli í leiðslunum.

.....

Þar að auki verður að telja fram eftirfarandi magntölur, sundurliðaðar á hvert tilsvarendi land:

- birgðir í lok tímabils sem geymdar eru fyrir önnur lönd samkvæmt opinberum samningi, skipt eftir viðtökulandi,
- birgðir í lok tímabils sem geymdar eru fyrir önnur lönd samkvæmt opinberum samningi, sem eru í formi birgðaávisana, skipt eftir viðtökulandi,
- birgðir í lok tímabils með þekktum útlendum ákvörðunarstað, skipt eftir viðtökulandi,
- birgðir í lok tímabils, geymdar í útlöndum samkvæmt opinberum samningi, skipt eftir staðsetningu,
- birgðir í lok tímabils, geymdar í útlöndum samkvæmt opinberum samningi og eru í formi birgðaávisana, skipt eftir staðsetningu,
- birgðir í lok tímabils í útlöndum, ætlaðar til innflutnings í yfirlýsta landið, skipt eftir staðsetningu.

Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.

3.2.3. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10³ tonn

3.4. **Landfræðilegar skýringar**

Skýringar 1. kafla í viðauka A gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar með eftirfarandi sérstökum undantekningum:

1. Færeyjar og Grænland teljast með Danmörku,
2. Liechtenstein telst með Sviss.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

4. **JARÐGAS**

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Jarðgas, eins og það er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Birgðageiri*

.....

1. Innlend framleiðsla

Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini.

Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas eða afgang.

Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Breytingar á birgðum
Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.
5. Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar
Þær eru skilgreindar sem:
Innanlandsframleiðsla + innflutningur – útflutningur – breytingar á birgðum.
6. Tölfræðilegur mismunur
Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
7. Mældar vergar innanlandsafhendingar
Nær yfir gas sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum) og tap í dreifingu.
8. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði
Magn geymt í sérstökum geymslum (uppurnum gas- og/eða olíuvinnslusvæðum, í veiti, saltholum, hverskyns hellum eða öðru) sem og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.
9. Eigin notkun og tap í jarðgasiðnaðinum
Magn sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum).
Tekur til taps í dreifingu.

4.2.2. Innflutningur og útflutningur

Andstætt við skilgreiningarnar í viðauka A skal í þessu tilfelli tilkynna innflutning og útflutning eftir nágrennanandi.

4.3. Mælieiningar

Magn skal telja fram á tvo vegu:

- sem rúmmál, í 10^6 m^3 , gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15 °C, 101,325 kPa),
- sem orkuinnihald, þ.e. í terajúlum byggðum á vergu varmagildi.

4.4. Frávik og undanþágur

Á ekki við.

5. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:
Almanaksmánuður.
2. Tíðni
Mánaðarlega.
3. Skilafrestur gagna:
Öll gögn undir lið 3 (olía og jarðolíuafurðir) og undir lið 4 (jarðgas): innan 55 daga frá skýrslumánuðinum.
Öll önnur gögn: innan þriggja mánaða frá skýrslumánuðinum.
4. Afhendingarsnið og aðferð:
Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.
Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatekni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI D

MÁNAÐARLEGAR SKAMMTÍMAHAGSKÝRSLUR

Í þessum viðauka er umfangi, einingum, tilgreindum tímabilum, tíðni, fresti og fyrirkomulagi flutninga lýst að því er varðar mánaðarlega skammtímaöflun á hagskýrslugögnum.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐGAS

1.1. Viðeigandi orkuvörur

Kafli þessi fjallar aðeins um jarðgas. Jarðgas er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

1.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

1. Framleiðsla

2. Innflutningur

3. Útflutningur

4. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

5. Birgðir

Þær eru reiknaðar út sem:

Framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum.

6. Birgðir í lok mánaðar

1.3. Mælieiningar

Jarðgasmagn skal talið fram í terajúlum, á grunni vergs varmagildis.

1.4. Önnur gildandi ákvæði

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni

Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

1.5. Frávik og undanþágur

Þýskaland er með undanþágu frá þessari gagnaöflun til 30. september 2014.

2. RAFORKA

2.1. Viðeigandi orkuvörur

Kafli þessi fjallar aðeins um raforku.

2.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

-
1. Heildarraforkuframleiðsla
Vergt heildarmagn raforkuframleiðslu.
Tekur til eigin notkunar orkuvera.
-

2. Innflutningur
-

3. Útflutningur
-

4. Vergar raforkubirgðir
Þær eru reiknaðar út sem:
Heildarraforkuframleiðsla + innflutningur – útflutningur
-

2.3. Mælieiningar

Orkumagn skal gefið upp sem gígavattstundir (GWh)

2.4. Önnur gildandi ákvæði

1. Skýrslutímabil:
Almanaksmánuður.
2. Tíðni
Mánaðarlega.
3. Skilafrestur gagna:
Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.
4. Afhendingarsnið og aðferð:
Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.
Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

2.5. Frávik og undanþágur

Þýskaland er undanþegið þessari gagnaöflun.

3. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

Þessi gagnaöflun er vel þekkt sem „JODI-spurningalistinn“.

3.1. Viðeigandi orkuvörur

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur en um þær gilda skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B: jarðolía, fljótandi jarðolíugas, bensín (samanlagt bensín og flugvélabensín), steinolía (samanlagt steinolíukennt þotueldsneyti og önnur steinolía), gas-/dísilolía og brennsluolía (bæði með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi).

Þar að auki á þessi gagnaöflun einnig við um „heildarolíu“, sem nær yfir allar áður nefndar framleiðsluvörur, að undanskilinni jarðolíu, og verður einnig að telja með aðrar jarðolíuafurðir, s.s. hreinsunarstöðvagas, etan, nafta, jarðolíukoks, terpentínu og hreinsað bensín, paraffínvax, jarðbik, smurolíu og annað.

3.2. Skrá yfir samtölur

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. Birgðageiri

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu:

.....

1. Framleiðsla
-

2. Innflutningur
-

3. Útflutningur
-

4. Birgðir í lok tímabils
-

.....

5. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

6. Mæld afköst hreinsunarstöðva

Mæling á gegnumstreymi hreinsunarstöðva

.....

Eftirfarandi tafla á við um jarðolíu, fljótandi jarðolíugas, bensín, steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu og heildarolíu:

.....

1. Framleiðsla hreinsunarstöðva

Verg framleiðsla, þ.m.t. hreinsunarstöðvaeldsneyti.

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Birgðir í lok tímabils

.....

5. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

6. Eftirspurn

Afhending eða sala á innlendum markaði (notkun innanlands) að viðbættu hreinsunarstöðvaeldsneyti og að viðbættum alþjóðlegum skipaeldsneytisgeymum og loftfarsgeymum. Eftirspurn eftir heildarolíu tekur einnig til jarðolíu.

.....

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10³ tonn

3.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni

Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

Innan 25 daga frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.“

.....